

20. öldin
Svipmyndir frá öld andstæðna

Kennarahandbók

Sigurður Ragnarsson

Netútgáfa
Mál og menning
Reykjavík 2007

20. öldin – Svipmyndir frá öld andstæðna.

Kennarahandbók

Netútgáfa

Mál og menning

Reykjavík, 2007

© Sigurður Ragnarsson.

Kennarahandbókin fylgir bókinni 20. öldin - Svipmyndir frá öld andstæðna.

Hún er til afnota fyrir kennara og aðra sem nota bókina í kennslu.

Um verkið gildir hefðbundinn höfundarréttur og því er óheimilt að fjölfalda það eða dreifa því, að hluta eða í heild, í öðru skyni en til notkunar með bókinni *20. öldin – Svipmyndir frá öld andstæðna*.

Útskýringar á táknum

Í von um að það auðveldi svolítið að nota verkefnin hefur þeim verið skipt í tvo flokka í verkefnasafninu.

Athugunarefni í texta eru merkt með ° framan við tölu. Hér eru verkefni sem ganga út á að finna efnisatriði í sjálfum kaflanum og vekja þannig athygli lesenda á þeim. Víða er reynt að senda nemendur í leit að atriðum sem liggja ekki alveg á yfirborði textans, þarf kannski að safna saman víðs vegar úr kaflanum og raða saman á annan hátt en þar er gert. Einnig er stundum beðið um myndræna framsetningu á efni sem er í frásögn í kaflanum. Stundum þarf að beita örlítilli ályktunargáfu til þess að geta leyst verkefni, að minnsta kosti eiga þau að sýna hvort lesandinn skilur textann. Viðfangsefnið er hér semsé oftast að færa efni af einu formi á annað, af tímaröð í efnisröð, af texta í mynd. Á hinn bóginn er reynt að halda þessum verkefnum þolanlega léttum, þannig að kennarar geti gengið nokkurn veginn að því að verkefni merkt með ° séu viðráðanleg fyrir hvern sem er.

Umræðuefni eru merkt með # framan við tölu. Hér er ætlast til að nemendur hugsi eitthvað í framhaldi af textanum, án þess að þurfa að leita fróðleiks í önnur rit. Til dæmis er víða lagt fyrir að bera eigin reynslu saman við það sem er sagt frá í kaflanum, að álykta út frá textanum ef rétt ályktun liggur ekki ljós fyrir, að leggja siðferðilegt mat á álitamál. Einkenni þessara verkefna er að þau fjalla um álitamál, sjaldan er hægt að svara þeim ótvírætt rétt og þá heldur ekki rangt.

Heimildarverkefni eru merkt með * framan við tölu. Til að leysa þessi verkefni þarf alltaf að leita heimilda. Oftast er vísað í nokkurn veginn fullnægjandi heimildir í verkefninu, en í sumum tilfellum er heimildatívilísunum komið fyrir hér í kennarahandbókinni. Vandasamt er að giska á hvernig þessi verkefni verða notuð, til dæmis getur kennari skyldað hvern nemanda í bekknum – eða hóp nemenda – til að vinna eitt eða tvö heimildaverkefni í námskeiðinu.

Til athugunar

1. Mikið af því *heimildaefni* í mannkynssögu sem sett var inn á netið með *Nýjum tímum* getur einnig nýst í tengslum við kennslu í áfanganum Sag 313 sem *20. öldin*. *Svipmyndir frá öld andstæðna* er samin fyrir.
2. Höfundur tók þann pól í hæðina í bókinni *20. öldin*, líkt og í sínum hluta af *Nýjum tímum*, að tilgreina fæðingarár manna þegar þeir eru nefndir til sögu og einnig dánarár væru þeir látnir. Hugsunin er að sjálfsögðu ekki sú að nemendur læri öll þessi ártöl, heldur er þetta einfaldasta og skilvirkasta aðferðin til að staðsetja í tíma það fólk sem um er fjallað. Frá þessari reglu er þó eitt frávik: Við nöfn þeirra þjóðhöfðingja sem tóku völd sín að erfðum eru tilgreind *valdaár* þeirra (dæmi: Viktoría Englandsdrottning, Vilhjálmur 2. Þýskalandskeisari, Franz Jósef, keisari Austurríkis-Ungverjalands).

I. HEIMSSTYRJÖLDIN FYRRI. FRÍÐARGERÐIN OG BAKSVIÐ HENNAR.

I.1 Heimsvaldastefnan í Afríku

Markmið

Í *Nýjum tímum* (bls. 208–211) er lögð áhersla á að greina orsakir og hvata þeirrar nýju heimsvaldastefnu og heimsvaldakapphlaups sem magnaðist á árunum um og upp úr 1870. Í þessum kafla er leitast við að draga upp mynd af því hvernig heimsvaldastefnan birtist í Afríku. Dregið er fram hvernig ásælni heimsvaldaríkjanna kviknaði og þróaðist síðan stig af stigi uns heimvalda- og nýlendukapphlaupið var orðinn einn helsti bakgrunnspáttur heimsstyrjaldarinnar fyrri. Reynt er bregða upp mynd af yfirráðasvæðum einstakra nýlenduvelða og lýst draumsýnum helstu heimsveldissmiðanna. Lögð er áhersla á að greina frá mismunandi tegundum nýlendna og formi nýlenduylfirráða og lýst ólíkri aðferðafræði, einkum Breta og Frakka, við stjórn nýlendnanna. Gefinn er gaumur að því hvernig heimsvalda- og nýlendustefnan kom við heimamenn í Afríku og stuttlega rakið hvernig arðrán nýlenduherranna lýsti sér. Sérstaklega er fjallað um Suður-Afríku og þróun mála þar, svo sem búastríðið, og í því viðfangi vikið að afstöðu Íslendinga til þess.

Umræðuefni

#1. Umræðuefni það sem hér er fitjað upp á er sígilt álita- og deilumál. Eðlilegt er að tengja það við annað sígilt deilumál, spurninguna um það að hve miklu leyti hremmingar margra Afríkuríkja að fengnu sjálfstæði megi rekja til arfleifðar nýlendustefnunnar eða hvort annað komi þar fremur til.

Heimildaverkefni

- *1. Heimildatextunum sem fylgja þessum kafla er ætlað að varpa ofurlitlu ljósi á stöðu heimamanna í Afríku gagnvart aðvífandi landræningjum úr hópi hvíttra manna.
- *2. Það er útaf fyrir sig athyglisvert hve búastríðið vakti mikla athygli á Íslandi. Mikil umfjöllun íslenskra blaða um stríðið segir okkur að ritstjórar þeirra fylgdust vel með heimsviðburðum með lestri erlendra blaða. Þegar horft er til þess að fyrir liggja tvær aðgengilegar heimildir um umfjöllun blaða um búastríðið og þau viðhorf sem þar birtast er þetta kjörið verkefni.

*3. Það er fast að orði kveðið í þessum texta og hann ætti því að geta verið vel fallinn til að vekja umræður.

I.2 Heimsvaldastefnan í Asíu og Rómönsku-Ameríku

Markmið

Svipað og með Afríku í kaflanum hér á undan er markmið þessa kafla að lýsa því hvernig heimsvaldastefnan birtist í Asíu og Rómönsku Ameríku. Bent er á að við upphaf hinnar nýju heimsvaldaásælni hafi vesturlandabúar þekkt betur til í þessum heimshlutum en í Afríku og aðstæður einnig verið gerólíkar að því leyti að þar var fyrir miklu meira fjölmenni og víða gróin ríki sem um margt höfðu verið í fremstu röð í heiminum, svo sem Kína. Reynt er að draga upp mynd af glímu Kínverja við erlenda íhlutun og ásælni á 19. öld og skýra hvernig Kína sökk skref fyrir skref niður á stig hálfnýlendunnar. Í því viðfangi er einnig greint frá andófstilraunum á borð við tai-ping-uppreisnina og boxarauppreisnina. Einnig er lögð áhersla á að lýsa því hvernig Japönnum tókst að komast hjá því að hreppa sama hlutskipti og Kínverjar með því að hrinda í framkvæmd nútímavæðingu í samfélagi sínu og skipa sér að lokum í hóp annarra heimsvaldasinnaðra stórvelda. Þá er dregið fram hvernig nýlenduyferráð Breta á Indlandi þróuðust og nefnd dæmi um mikilvægi Indlands fyrir heimsveldisstöðu Breta. Í þessu viðfangi er einnig fjallað um sepojauppreisnina og þann áfanga sem stofnun Þjóðþingsflokksins markaði í sjálfstæðisbaráttu Indverja.

Í umfjölluninni um heimsvaldastefnuna í Rómönsku Ameríku er megináherslan lögð á að sýna fram á æ virkari tengingu þessa heimshluta við hagkerfi heimsins á árunum eftir 1870. Þar birtist heimsvaldastefnan ekki í beinum nýlenduyferráðum, heldur með ósýnilegri hætti gegnum víðtæk efnahagsítök og úrslitaráð í fjármálum einstakra ríkja.

Umræðuefni

#1. Ef til vill mætti hafa eftirfarandi punkta í huga þegar velt er vöngum yfir þessu viðfangsefni:

- sannfæring menntaðrar valdastéttar Kína um ágæti og yfirburði eigin menningar olli tregðu til að tileinka sér tækni og nýjungar sem runnar voru frá „barbörunum“
- þótt Japanar væru stoltir af menningu sinni sýndu þeir ekki sama hroka og stórlæti og kínverska valdastéttin og voru því opnari fyrir nýjungum

– hærra almennt menntunarstig í Japan (sbr. útbreiðslu læsis) gerði Japana líka opnari og móttækilegri fyrir nýjungum

– ásælnin gagnvart Japönnum ekki eins mikil (enda eftir minna að slægjast), þeir fengu meira ráðrúm til að bregðast við og þróunin í Kína líka víti til varnaðar og þar með hvatning til dáða

Heimildaverkefni

- *1. Textar þeir sem hér eru birtir gefa einhverja innsýn í hugarheim þeirrar alþýðu sem reis upp í boxarauppreisninni.
- *2. Þessi texti á að geta varpað nokkuð skýru ljósi á inntak „opingáttarstefnunnar“ og þann mun sem var á afstöðu Bandaríkjamanna annars vegar og evrópsku nýlendu- og heimsveldanna hins vegar gagnvart Kína.
- *3. Á sama hátt og með búastríðið er fróðlegt að kynna sér hvernig fjallað var um stórviðburði í fjarlægum landi í samtímanum á Íslandi.

I.3 Sambúð ríkja 1870–1914

Í kaflanum „Stórveldin og staða þeirra“ í *Nýjum tímum* (bls. 201–207) er fjallað um stöðu stórveldanna í heiminum á 19. öld og breytingar á innbyrðis valdahlutföllum þeirra. Þar er líka í örstuttu máli gerð grein fyrir helstu bakgrunns- og orsakabáttum fyrri heimsstyrjaldar (bls. 211–212). Markmið þessa kafla er að gefa fyllri mynd af aðdraganda og orsökum fyrri heimsstyrjaldar og gefa hugmynd um þær miklu deildir sem síðar spunnust um ábyrgð einstakra aðila á upptökum stríðsins. Fyrst er gerð grein fyrir því valdakerfi sem Bismarck byggði upp á meginlandi Evrópu eftir sigurinn í þýsk-franska stríðinu 1870–1871. Markmið þess var að tryggja forræði Þýskalands með því að viðhalda einangrun Frakka í hópi stórveldanna. Var stofnun Tvíveldabandalagsins og síðar Þríveldabandalagsins lykilþáttur í því. Síðan er dregið fram hvernig brestur kom í þetta valdakerfi eftir að lóðsinn Bismarck gekk frá borði. Sá brestur var hernaðarbandalag Frakka og Rússa, sem var ávísun á að Þjóðverjar yrðu í framtíðinni að berjast á tvennum vígstöðvum ef til stórveldastyrjaldar kæmi. Með því að staldra við laust fyrir aldamótin 1900 er leitast við að gefa hugmynd um þá gerjun sem þá var í gangi á vettvangi heimsmála og lýsti sér m.a. í síharðnandi heimsvalda- og nýlendukapphlaupi stórveldanna, nýrri „Weltpolitik“ Þjóðverja og endurmati Breta á sinni fyrri „splendid isolation“. Greint er frá árangurslausum

bandalagsviðræðum Breta og Þjóðverja og í framhaldinu frá sáttum Breta og Frakka annars vegar og Breta og Rússa hins vegar og þar með tilurð Samúðarsambandsins. Í framhaldinu er gefið yfirlit um þær stórveldadeilur og átök sem riðu reglulega yfir síðasta áratuginn áður en heimsstyrjöldin skall á. Má úr þeirri umfjöllun fá skýrari mynd af bakgrunns- og orsakabáttum stríðsins. Til mótvægis er einnig dregið á baráttu þeirra aðila sem sérstaklega lögðu sig eftir því að reyna að koma í veg fyrir stríð.

Lokahluti kaflans fjallar um upptök stríðsins og er í því viðfangi freistað að draga fram það sem tínt hefur verið einstökum ríkisstjórnnum til áfellis varðandi upptök stríðsins („die Kriegschuldfrage“). Að lokum er getið bókarinnar *Griff nach der Weltmacht* og þeirra miklu viðbragða sem útkoma hennar vakti.

Umræðuefni

#1. Í upphafi aldarinnar vó mannfjöldi þyngst því af honum réðst að verulegu leyti hve miklum her var unnt að tefla fram. En í því sambandi er vert að minna á að þá var íbúatala Frakklands hátt í 2/3 af íbúatölu Rússlands og tvöföld á við íbúatölu Bretlands.

Þegar leið á öldina fór iðnaðarmáttur að skipta æ meira máli. Hann réð miklu um gæði og fjölbreytni vopnabúnaðar og almennt tæknistig og ákvarðaði einnig að verulegu leyti hve greiðar og góðar samgöngur voru (sbr. þéttleika járnbrautakerfisins). Skjótir sigrar Prússa í styrjöldunum 1866 og 1871 réðust ekki hvað síst af því að þeir nýttu járnbrautirnar til að koma her sínum með skjótum hætti í fremstu víglínu og náðu þannig sóknarfrumkvæði í sínar hendur. Góð menntun nýliða var tvímælalaust til þess fallin að auðvelda þjálfun þeirra og greiddi fyrir að þeir gætu tileinkað sér meðferð nýrra og háþróaðri vopna.

#2. – Árið 1810 stóð Napóleon á hátindi valda sinna, sbr. kort í námsbókinni.

– Árið 1820 gegndi Austurríki undir forystu Metternichs leiðandi hlutverki í krafti þeirrar stöðu sem það hafði öðlast á Vínarfundinum.

– Árið 1850 hafði Rússland náð tímabundnu forystuhlutverki. Það var ósnortið af byltingarhreyfingum ársins 1848 og hafði sýnt styrk sinn er það bældi niður þjóðbyltingu Ungverja. Byltingarhreyfingarnar höfðu hins vegar skekið Austurríki á grunni sínum og veikt Frakkland og Prússland tímabundið.

– Árið 1860 hafði Frakkland (annað keisaradæmið) náð tímabundnu forystuhlutverki. Það má þakka sigrinum á Rússum í Krímstríðinu 1854–56 og atbeina Frakka að sameiningu Ítalíu 1859–60.

– Árið 1880 bar hið sameinaða Þýskaland (keisaradæmið) höfuð og herðar yfir öll önnur ríki meginlandsins. Það hafði gersigrað Frakka í stríðinu 1870–71 sem í reynd var barátta um forræðið á meginlandinu. Fólksfjölgun var þar ör, landið var upprennandi iðnveldi, menntunarstig eitthvert það hæsta í heimi og ríkið var í forystu í eina hernaðarbandalaginu í Evrópu (Tvíveldabandalaginu, stofnað 1879). Þýskaland hélt þessari stöðu fram í fyrri heimsstyrjöld.

#3. Stikkorðin í þessari umræðu gætu verið sem hér segir:

- mesta nýlenduveldið
- mesta flotaveldið
- mesta iðnveldið
- mesta verslunarveldið
- mesta fjármálaveldið

Helsta ógnunin við yfirburðavaldastöðu þeirra var sú að hún veiktist hlutfallslega vegna þess hve ört öðrum ríkjum fleygði fram á ýmsum sviðum. Það var sérstaklega áberandi á iðnaðarsviðinu, með gífurlegum uppgangi Bandaríkjamanna og Þjóðverja í þeim eignum eftir 1870 og einkum þó frá 1890. Frakkar öttu við þá kappi sem nýlenduveldi allt frá 1870 og laust fyrir aldamót hófu Þjóðverjar harðvítugt flotakapphlaup við Breta. Búastríðið (1899–1902) varð Bretum til álitshnekkis meðal almennings víða um lönd (sbr. áhrif Íraksstríðsins á „prestige“ Bandaríkjanna nú um stundir).

Sneggsti bletturinn á stórveldisstöðu Breta var alla tíð sá hve takmörkuðum landher þeir höfðu á að skipa í Evrópu.

#4. Hér má leika sér með ýmsar hugmyndir! Stríðið leysti byltinguna 1905 úr læðingi. Hún varð eins konar „generalprufa“ fyrir byltingarnar 1917. Þá var fordæmið skapað um byltingu gegn keisarastjórninni og þá komu ráðin (sovétin) fram sem pólitískt skipulagsform byltingarinnar. Hefðu byltingarmennirnir 1917 verið jafnódeigir og djarfir til stórræðanna án fordæmisins frá 1905 og þeirrar reynslu sem þeir þá náðu að heyja sér?

Á síðasta áratugi 19. aldar og í byrjun hinnar tuttugustu beindi rússneska keisaradæmið öllum þunga sinnar imperíalísku útþenslu í austurveg að Kína og Kóreu. Með stríðinu 1904–1905 var þeim í reynd stökkt á brott. Þá leitaði rússneski björninn aftur á fornar slóðir til að sleikja sár sín – á Balkanskagann. Sú áherslubreyting hlaut að leiða til aukinnar spennu við Austurríki og Tyrkjaveldi og af henni leiddi að Rússar settu stuðning við Serba og aðra slavneska bræður í forgang. Það hlaut að hleypa auknum hita í þá púðurtunnu sem Balkanskaginn var og jók auðvitað hættuna á að kviknaði í tundrinu (eins og svo gerðist að lokum).

Til að áréttu enn frekar hve rússnesk-japanska stríðið var afdrifaríkt má svo að lokum benda á að þessi fyrsti sigur litaðrar þjóðar á einu af stórveldum hvíta mannsins bergmálaði víða um Asíu og ýtti tvímælalaust undir sjálfstæðishreyfingu Indverja gegn Bretum og andóf Kínverja gegn erlendri ásælni sem miðaði að því að halda þeim á stigi hálfnýlendu. Það dró því líka mikinn slóða í Asíu!

Heimildaverkefni

*1. Textar þeir sem hér eru birtir ættu að geta varpað einhverju ljósi á þá algeru umpólun sem varð á afstöðu Breta og Frakka hvors til annars á skömmum tíma, því að Bretland og Frakkland 1066–1904 og Bretland og Frakkland 1904–2008 er óneitanlega sitthvað!

*2. Textarnir sem fylgja þessu verkefni ættu að geta varpað nokkru ljósi á þá nýju heimsvaldastefnu sem þýska keisaradæmið framfylgdi á alþjóðavettvangi frá síðasta áratugi 19. aldar og ekki síst hlut Vilhjálms keisara 2. í henni.

I.4 Heimsstyrjöldin fyrri

Í Nýjum tímum (kafla IV.4) er þess freistað að gefa yfirlit yfir gang heimsstyrjaldarinnar fyrri frá upphafi til loka. Hér er sá póll tekinn í hæðina að taka einstaka þætti er stríðið varða til ítarlegri umfjöllunar. Þar er þá fyrst að nefna skotgrafahernaðinn á vesturvígstöðvunum sem fremur en nokkuð annað hefur orðið tákmynd þessa stríðs í vitund síðari kynslóða. Í framhaldinu er reynt að bregða upp mynd af því hvaða áhrif það aleflisstríð sem heimsstyrjöldin fyrri óneitanlega var hafði á heimavígstöðvunum. Er í því viðfangi fjallað um aukin ríkisafskipti, hervæðingu atvinnulífsins og breytingar á stöðu kvenna. Þá er gefið yfirlit yfir nýjungar í hernaðaraðferðum, hertækni og vopnabúnaði í heimsstyrjöldinni fyrri og

reynt að meta að nokkru gildi og áhrif einstakra nýjunga. Mest er fjallað um skriðdreka í þessu sambandi. Að endingu er rakið hvernig sá eldmóður og Þjóðernisofsi sem ríkti í upphafi stríðs þókar smátt og smátt fyrir vaxandi stríðspreytu og jafnvel beinni andstöðu við stríðsreksturinn. Er því samhengi sérstaklega fjallað um Zimmerwald-hreyfinguna. Þá er greint frá viðbrögðum stjórnvalda í einstökum ríkjum við þessari þróun.

Umræðuefni

Eins og verkefnið er fram sett beinist það að heimsstyrjöldunum tveimur. Auðvitað má víkka það út og hyggja líka að þeim styrjöldum sem síðan hafa verið háðar. Þá er auðvitað sá flötur sannarlega umhugsunar- og umræðuverður sem snýr að hlutskipti almennings og óbreyttra borgara í stríði.

1.5 Friðargerðin og eftirmál stríðsins. Þjóðabandalagið

Markmið

Í *Nýjum tímum* (bls. 218) er í mjög stuttu máli greint frá friðargerðinni í Versölum. Tilgangur þessa kafla er að gefa sæmilega heildstætt yfirlit yfir friðargerðina og eftirmál hennar. Í upphafi er greint frá viðhorfum „hinna þriggja stóru“, Wilsons, Clemenceaus og Lloyd Georges, til friðargerðarinnar, en þeir réðu mestu um niðurstöður fundarins. Þá er brugðið upp mynd af hlutskipti Þjóðverja, annars vegar landamissi þeirra, en hins vegar öðrum skilmálum er þeir þurftu að hlíta, svo sem um skaðabótaþrengslur, afvopnun og friðlýsingu Ríðarlanda. Einnig er rakið hvaða ný ríki urðu til á rústum tvíríkisins Austurríki-Ungverjaland þegar það leystist upp í frumparta sína. Einnig er vikið að rýrum hlut Ítala, breytttri stöðu Tyrkja og stöðu byltingarstjórnar bolsévika í Rússlandi gagnvart friðargerðinni. Þá er að nokkru lagt mat á hvernig til tókst í Versölum við að framkvæma meginregluna um sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna. Í lok kaflans er greint frá stofnun Þjóðabandalagsins og skipulagi, markmiðum, sérstofnunum og valdataekjum samtakanna. Í því viðfangi er dregið fram hve mjög það háði sambandinu að alla tíð stóðu fleiri eða færri af stórveldum heims utan þess.

Umræðuefni

Í kennslubókinni (bls. 43) er greint frá því viðhorfi að heimsstyrjaldirnar tvær hafi í grunninn verið sama stríðið með löngu hléi milli fyrri og síðari lotunnar. Þar er einnig (bls. 31) vikið að því sjónarmiði að átök í Evrópu frá miðri 19. öld og fram undir miðbik 20. aldar hafi ekki hvað síst snúist um stærð, stöðu og áhrifavald Þýskalands í álfunni. Í bókinni er einnig bent á sjónarmið þýska sagnfræðingsins Fritz Fischers um samhengið í utanríkisstefnu Þjóðverja allt frá aldamótunum 1900 til loka síðari heimsstyrjaldar (bls. 31). – Íhugun og vangaveltur um hvort með friðargerðinni eftir fyrri stríð hafi verið sáð til heimsstyrjaldarinnar síðari falla vel að þessum efnisþáttum.

II. ÁRIN MILLI STRÍÐA. ÁRATUGIR ANDSTÆÐNA OG ÁTAKA.

II.1 Stund milli stríðs og kreppu

Markmið

Í fyrri hluta þessa kafla er dregin upp mynd af stöðu alþjóðamála í kjölfar heimsstyrjaldarinnar fyrri. Í því viðfangi er lýst afstöðu og aðstæðum einstakra stórvelda og sérstaklega dregið fram hvert viðhorf þeirra var til Versalaskipulagsins. Þá er rakinn gangur skaðabótamálsins og gerð grein fyrir nokkrum milliríkjasamningum frá þriðja áratugnum: Rapallósamningnum, Locarnosamningnum og Briand–Kelloggsamningnum.

Í síðari hluta kaflans er annars vegar leitast við að bregða upp mynd af þeirri nýju heimsmynd náttúruvísindanna sem var að mótast á öndverðri 20. öld, en hins vegar gerð grein fyrir tilkomu nýrrar fjöldamenningar og helstu birtingarformum hennar og nokkrum framúrstefnuhópum í bókmenntum og listum. Í lokin er vikið að breyttri og frjálslægri þjóðfélagsstöðu kvenna í kjölfar stríðsins.

Umræðuefni

#1. Það er mikilvægt að nemendur átti sig á þeim breytingum á stjórnmalakerfi heimsins, sem heimsstyrjöldin fyrri hafði í för með sér. Á ýmislegt er að líta í því sambandi: Eitt hinna viðurkenndu stórvelda frá því fyrir stríð (Austurríki-Ungverjaland) var ekki lengur á sviðinu. Bandaríkin, sem höfðu gengið fram á sviðið

sem voldugasta ríki heims, skoruðust þegar á hólminn kom að nokkru undan þeirri ábyrgð, sem því fylgdi. Þar kemur isolationisminn einnig til álita, hvort hann var yfirskinn eða raunveruleiki. Bretaveldi hafði fyrir stríð í flestra huga verið voldugasta ríki heims. Nú hafði staða þess ótvírætt veikt í reynd. Hvers vegna hafði það gerst og hvernig lýsti það sér? Var raunveruleg innistæða fyrir nýrri stöðu Frakklands sem voldugasta ríkis á meginlandi Evrópu? Þýskaland var vissulega vængstýft sem stórveldi (landamissir heima fyrir, missir nýlendna, afvopnun, skaðabótageiðslur, herseta), en var líklegt að sú yrði raunin til frambúðar? Sovétríkin voru ríki nýrrar gerðar þar sem valdhafar voru í upphafi meira uppteknir af því að flytja út byltinguna og hrinda þannig af stað heimsbyltingu en standa í hefðbundnu diplómatisku stússi. Þá skal minnt á hvernig stríðið hafði gert Japönnum kleift að hreiðra betur um sig í Kína og styrkja stöðu sína á Kyrrahafssvæðinu. Loks er ástæða til að hafa í huga að þótt Ítalir teldust til sigurvegara stríðsins voru þeir í reynd endurskoðunarsinnar gagnvart Versalaskipulaginu nánast frá upphafi.

Heimildaverkefni

*1. Í 27. kafla bókarinnar *Saga listarinnar* eftir E.H. Gombrich eru myndir af allmörgum listaverkum frá fyrri hluta 20. aldar. Sú bók hefur einnig að geyma sérstaka skrá („Myndalisti samkvæmt staðsetningu“, bls. 670–673). Þar er getið ýmissa helstu listasafna í heimi en hentug leið til að nálgast myndir af einstökum verkum gæti þá falist í að fara inn á heimasíður þessara safna.

Einnig skal hér bent á vefslóðina <http://artchive.com> þar sem er opinn aðgangur að myndum af málverkum.

Þá væri unnt að leita fanga á vefsvæðunum *Grove Art Online* (www.groveart.com) og *modern and contemporary artists and art* (www.the-artists.org). Svo er það gáttin hvar.is með þeim möguleikum sem hún býður upp á.

II.2 Þróun rússnesku byltingarinnar

Markmið

Í *Nýjum tímum* er fjallað um sjálfa rússnesku byltinguna og aðdraganda hennar og borgarastyrjöldina sem sigldi í kjölfarið.

Tilgangur þessa kafla er að lýsa þróun rússnesku byltingarinnar frá því að rauðliðar höfðu unnið sigur á hvítliðum í borgarastyrjöldinni og fram að

heimsstyrjöldinni síðari. Í því viðfangi er fyrst brugðið upp mynd af aðstæðum í Sovétríkjunum eftir að borgarastyrjöldinni lauk, en síðan er fjallað um NEP-stefnuna, forsendur hennar, inntak og þann árangur sem hún skilaði. Þá er rakinn gangur þeirra innanflokksátaka í Kommúnistaflokki sem sigldu í kjölfar þess að Lenín féll frá. Greint er frá fimm ára áætlunum og framkvæmd þeirra og samyrkjuvæðingin rædd í því viðfangi. Gerð er tilraun til að greina helstu einkenni þeirrar þjóðfélagsgerðar sem þróaðist í Sovétríkjunum á fjórða áratugnum og gjarnan er kennd við stalínisma. Þá er fjallað um hreinsanirnar miklu og Moskvuréttarhöldin. Að endingu er þess freistað að varpa ljósi á hvers vegna svo margir hrifust á sínum tíma með af þeirri þjóðfélagstilraun sem uppbygging sósíalísmans í Sovétríkjunum var.

Heimildaverkefni

*1. Hér má hugsa sér að hóparnir fjalli um fyrstu lotu réttarhaldanna og segi deili á helstu sakborningunum þar (Zinovjev, Kamenev). Þá er eðlilegt að fjallað sé um réttarhöldin yfir foringjum rauða hersins og síðan er það lokalotan, réttarhöldin yfir þeim Búkharín, Rykov og Tomski. – Halldór Kiljan Laxness rithöfundur var viðstaddur þessi síðustu réttarhöld og lýsir þeim í *Gerska ævintýrinu*. Áhugavert ætti að vera fyrir nemendur að kynna sér þá lýsingu því að ekki fer milli mála að sú lýsing – og raunar bókin öll – hafði talsverð skoðanamótandi áhrif hér á landi á sínum tíma. Til samanburðar mætti svo hafa umfjöllunina um þessi efni í *Skáldatíma* Laxness.

II.3 Fasisminn í framkvæmd: Ítalía og þriðja ríki Hitlers

Markmið

Í *Nýjum tímum* er fjallað um hugmyndafræði fasismans/nasismans og valdatöku fasista á Ítalíu og nasista í Þýskalandi.

Tilgangur þessa kafla er að gefa nokkra hugmynd um þróun mála á Ítalíu fasismans og í þriðja ríki Hitlers. Fyrst er gefið yfirlit yfir stefnu ítalskra fasista í innanlandsmálum og í því viðfangi fjallað um sjálfsþurftarstefnu, fjölgunarstefnu, starfsgreinaskipan og sáttargjörð við páfastól. Þá er greint frá áhersluatriðum í stefnu ítalskra fasista í utanríkismálum og hvernig þeir unnu að því að gera þau að veruleika.

Í umfjölluninni um þriðja ríkið er fyrst fjallað um þingkosningarnar sem Hitler efndi til eftir valdatöku sína og því síðan lýst hvernig nasistar sveigðu þjóðlífið allt undir vilja sinn og vald. Brugðið er upp mynd af „nótt hinna löngu hnífa“ og því sem

þar bjó að baki. Einnig er vikið að stefnu nasista gagnvart konum og hinni uppvaðandi kynslóð Þjóðverja. Að endingu er vikið að efnahagsstefnu nasista, sem kenna má við skipulagðan kapitalisma, en helsti tilgangur hennar var sá að gera landið sjálfu sér nógt á sem flestum sviðum og búa það sem best í stakk fyrir styrjöld.

Í lokahluta kaflans er vikið að því hvernig stjórnarfar byggð á lýðræði og þingræði átti í vök að verjast í Evrópu á árunum milli stríða og lét víða undan fyrir fasískum eða hálffasískum einræðisstjórnnum. Eru í því viðfangi tekin dæmi af langlífum einræðisstjórnnum þeirra Salazars í Portúgal og Francós á Spáni, en einnig fjallað um flokka og hreyfingar fasista í Bretlandi, Finnlandi og Frakklandi.

Heimildir

Tölfræðiupplýsingar þær sem hér eru bornar fram varpa ljósi á aðstæður í Þýskalandi, annars vegar á tíma gengishrunsins, en hins vegar í aðdragandanum að valdatöku nasista og svo fyrst eftir hana.

II.4 Franklin D. Roosevelt og „New Deal“. Norræn velferðarríki verða til.

Markmið

Í *Nýjum tímum* er fjallað um hagsældarskeiðið mikla í Bandaríkjunum á árunum 1923–29 og þá snöggu bletti sem voru á þeirri hagsæld. Þar er einnig fjallað um upphaf kreppunnar miklu og reynt að bregða upp mynd af áhrifum hennar. Í þessum kafla er hins vegar leitast við að draga upp mynd af glímu bandarískra stjórnvalda við kreppuvandann. Fyrst er vikið að afstöðu Hoovers, en síðan greint frá inntaki og áherslum New Deal og leitast við að leggja mat á árangur þeirrar stefnu Roosevelts. Í því viðfangi er fjallað um viðreisnaraðgerðir í fjármálalífi, landbúnaði og iðnaði og afstöðu hæstaréttar Bandaríkjanna til New Deal og þær deilur sem hún olli. Þá er greint frá hugmyndum breska hagfræðingsins Keynes um hagstjórn og þess freistað að leggja mat á áhrif Roosevelts til framtíðar á bandarísk stjórnsmál og þjóðlíf.

Í síðari hluta kaflans er rakið hvernig heimskreppan kom við efnahag og þjóðlíf í norrænu ríkjunum þremur, Danmörku, Svíþjóð og Noregi, og lýst viðbrögðum parlandra stjórnvalda við kreppuvandanum. Í því viðfangi er stefna sósíaldemókrataflokkanna miðlæg því að með stefnumörkun sinni á þessum árum lögðu þeir grunninn að velferðarsamfélögum þessara ríkja og langvinnri valdastöðu sinni í þessum löndum. Í lokin er bent á það samhengi sem er milli þeirrar stefnu sem fylgt var á skandinavísku ríkjunum þremur og ýmissa þátta í stefnu stjórnar hinna vinnandi stétta á Íslandi.

Heimildaverkefni

#1. Það er mjög verðugt verkefni að reyna að þjálfra fólk í því að lesa upplýsingar úr hvers konar töflum, gröfum, súlu- og kökuritum.

#2. Þetta verkefni er kjörið til að sýna samspil stjórn mála og efnahagsaðgerða hér á landi við það sem var á sama tíma í gangi erlendis. – Þá er verkefnið hentugt að því leyti að talsvert er til af aðgengilegum heimildum.

Einn möguleiki er sá að hópur/hópar skili af sér í fyrirlestraformi, en líka má hugsa sér að skilað sé skýrslu sem tekin verði til umræðu í bekknum / námshópnum, en einnig að því búnu yfirfarin af kennara og síðan dreift til nemenda í endurskoðaðri og endurbættri gerð.

Heimildir

Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands II*.

Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*.

Vilhjálmur Hjálmarsson, *Eysteinn í eldlínu stjórnmalanna*.

Þórarinn Þórarinsson, *Sókn og sigrar. Saga Framsóknarflokksins I*.

Valdimar Unnar Valdimarsson, *Alþýðuflokkurinn og stjórn hinna vinnandi stétta*.

Álit og tillögur skipulagsnefndar atvinnumála 1.

Magnús Haraldsson, *Skipulagsnefnd atvinnumála 1934–1937*. Prófrítgerð í sagnfræði frá HÍ.

Arnór Sigurjónsson, *Fiskimálanefnd: skýrsla tíu ára 1935–1944*.

II.5 Sjóhernaðurinn og hlutskipti sæfarenda í síðari heimsstyrjöld

Markmið

Í *Nýjum tímum* er greint frá aðdraganda síðari heimsstyrjaldar og gangur stríðsins rakinn allt frá upphafi til loka. Í þessum kafla er leitast við að bregða upp ítarlegri mynd af sjóhernaðinum á Atlantshafi og hlutskipti sæfarenda í stríðinu. Jafnframt er gerð tilraun til að draga fram hlut Íslendinga í þessu efni. Þróun kaþbátahernaðarins er í fyrirrúmi í umfjölluninni, en markmið Þjóðverja með kaþbátahernaði sínum var að rjúfa aðdrætti Breta. Órofnir aðdrættir voru hins vegar forsenda þess að Bretar gætu haldið áfram stríðsrekstri. Einnig er þó vikið að öðrum þáttum sjóhernaðarins svo sem jómfrúrferð þýska orustuskipsins Bismarck sem um leið varð hinsta för þess. Lýst er

hápunkti orustunnar um Atlantshafið og leitast við að greina ástæður þess að bandamenn náðu þar að lokum yfirhöndinni.

Í síðari hluta kaflans er vikið að þætti Íslendinga í orustunni um Atlantshafið. Er í því viðfangi dreginn fram hlutur landsins sem flugbækistöðvar og birgðastöðvar, en einkum þó hvernig Hvalfjörður gegndi hlutverki eins konar „umferðarmiðstöðvar“ í birgðaflutningum vesturveldanna til bandamanna sinna í Sovétríkjum. Þá eru í lokin dregin fram dæmi um þær fórnir sem íslenskir sæfarendur urðu að færa í altari stríðsins.

Heimildaverkefni

*1. Heimildir

Donald MacIntyre, *Orustan um Atlantshafið*.

Ludovic Henry Coverly Kennedy, *Bismarck skal sökk*.

Müllenheim-Rechberg, Bukhard von, *Orrustuskiptið Bismarck: frásögn skipverja sem komst lífs af úr viðureigninni*.

Barrie Pitt o.fl., *Heimstýrjöldin 1939–1945. Orustan á Atlantshafi*.

Netið

*2. Heimildir

Gunnar M. Magnúss, *Virkið í norðri III. Sæfarendur*.

Steinar J. Lúðvíksson, *Björgunar- og sjóslysasaga Íslands II. og III. bindi*.

Hulda Sigurborg Sigtryggisdóttir, *Í skotlínu. Siglingar og skipsskaðar*

Eimskipafélagsins í síðari heimstýrjöld.

Jón Þ. Þór, *Nýsköpunaröld. Saga sjávarútvegs á Íslandi III. bindi*.

Jónas Jónasson, *Krappur lífsdans Péturs H. Ólafssonar*.

Jóhann J.E. Kúld, *Á hættusvæðinu*.

Einnig skal bent á að leita má frekari fanga í endurminningabókum fleiri íslenskra sjómanna, jafnt farmanna sem fiskimanna, sem voru í siglingum á stríðsárunum.

II.6 Andspyrnuhreyfingar gegn hernámi Þjóðverja

Markmið

Í þessum kafla er leitast við að draga upp mynd af andspyrnunni gegn hernámi Þjóðverja í heimsstyrjöldinni síðari og hvernig hún þróaðist eftir því sem á stríðið leið. Í upphafi er vikið að þeim veruleika sem íbúar hernuminna landa stóðu frammi fyrir í upphafi þegar þeir fylgdust með að því er virtist óslitinni sigurgöngu Þjóðverja. Síðan er vikið að upphafi andspyrnunnar og hvernig hún þróaðist frá viðhorfs- og afstöðubaráttu yfir í virka og vopnaða baráttu. Í því viðfangi er gerð grein fyrir fordæmi Norðmanna í viðhorfs- og afstöðubaráttunni og forystu Sovétmanna og ekki síst Júgóslava í hinni vopnuðu baráttu. Sérstaklega er hugað að stöðu Danmerkur sem Þjóðverjar reyndu að gera að „fyrirmyndarhernámsríki“. Þá er fjallað um hlut kommúnista í andspyrnunni og áhrif þeirra á hvernig hún þróaðist. Vikið er að áhrifum stjórn mála á andspyrnuna, bæði innan andspyrnuhreyfinga í einstökum löndum og að því er varðaði afstöðu ríkisstjórna í löndum bandamanna og útlagastjórna í London til hennar. Að lokum er þess freistað að leggja mat á gildi andspyrnunnar í sögulegu tilliti.

Heimildaverkefni

*1. Heimildir

Arngrímur Kristjánsson, *Norðmenn héldu heim*.

Ólafur Hansson, *Heimsstyrjöldin 1939–1945*. Fyrri bindi, bls. 215 o.áfr.

Edvard Bull, *Norges historie. Klassekamp og fellesskap 1920–1945*.

Chr. A.R. Christensen, *Norge under okkupasjonen*.

Baldur Bjarnason, *Í Grinifangelsinu*.

Johs. Andenes, Olav Rise, Magne Skodvin, *Norway and the Second World War*.

*2. Heimildir

Russel Miller o.fl., *Heimsstyrjöldin 1939–1945*. Andspyrnan.

Þorsteinn Thorarensen, *De Gaulle*.

Netið.

II.7 Helförin

Markmið

Í *Nýjum tímum* er nokkuð vikið að stefnu nasista gagnvart gyðingum. Í þessum kafla er aukið við þá umfjöllun með frásögn af helförinni. Í upphafi er lögð áhersla á að hún hafi verið næsta einstætt fyrirbæri í sögunni. Í framhaldinu er reynt að bregða upp mynd af stöðu gyðinga í Evrópu í aldanna rás og grafast fyrir um orsakir og undirrót andúðar og haturs í garð gyðinga. Þá er stuttlega dregið fram hvar og hvernig hugmyndir Hitlers í þessum efnum mótuðust. Reynt er að bregða upp mynd af stöðu og aðstæðum gyðinga í Þýskalandi á fyrsta þriðjungi 20. aldar. Dregið er fram að fyrst eftir valdatöku nasista voru uppi ólík sjónarmið í þeirra röðum um stefnuna gagnvart gyðingum, en í framhaldi af því rakið hvernig þau öfl er vildu stefna að bókstaflegri útrýmingu gyðingabjódarinnar urðu ofan á eftir að stríðið hófst og dróst síðan á langinn. Reynt er að gefa nokkra mynd af framkvæmd helfararinnar, en jafnframt vikið að vitneskju umheimsins um það sem í gangi var og aðgerðarleysi hans gagnvart því. Í lokin er tæpt á því að samhengi kunni að vera milli þess sem gyðingabjóðin lét mótspyrnulítið yfir sig ganga í helförinni og hörku Ísraelsmanna í garð andstæðinga sinna á síðari tímum.

Heimildaverkefni

Heimildir

- *1. Leifur Müller, *Býr Íslendingur hér?* Garðar Sverrisson skráði.
- *2. Dagbók Önnu Frank.
Netið
- *3. Sem dæmi um bækur af þessum toga má nefna eftirfarandi titla:
Trygve Bratteli, *Nótt í niflheimi*.
Oscar Magnusson, *Ég mun lifa*.
Martin Gray, *Ég lifi*.

II.8 Síonisminn og stofnun Ísraelsríkis. Önnur ríki í Austurlöndum nær

Markmið

Í upphafi er gerð grein fyrir upptökum síonismans, upphafsmanni hans og baksviði hreyfingarinnar. Í framhaldinu er greint frá þeim áfangasigrum síonista sem fólust í Balfouryfirlýsingunni og því ákvæði í umboðsstjórnarskilmálum Breta í Palestínu sem kváðu á um skyldu þeirra til að stuðla að því að mynda „þjóðarheimkynni“ gyðingum til handa í landinu. Brugðið er upp mynd af þróun mála í Palestínu á árunum milli stríða þegar vaxandi aðstreymi gyðinga til landsins olli sívaxandi spennu milli þeirra og þess stóra meirihluta araba sem fyrir var í landinu. Um leið er dregið fram hvernig Bretar lentu í sífellt meiri ógöngum með stefnu sína í landinu og greint frá tilraunum þeirra til að bregðast við því. Þá er rakið hvernig hinir róttækustu í röðum síonista tóku að beita hryðjuverkum til framdráttar málstað sínum. Að lokum er gerð grein fyrir því hvernig Bretar komast í þrot og vísa Palestínumálinu til SP og síðan er fjallað um stofnun Ísraelsríkis og styrjöld gyðinga og araba í framhaldi af því.

Í kafla þessum er þess einnig freistað að gefa nokkra hugmynd um framvindu mála í öðrum ríkjum í Austurlöndum nær. Það á við um Egyptaland, sem enn um hríð var í reynd verndarríki Breta, og bresku umboðsstjórnarríkin Írak og Transjórdaníu og frönsku umboðsstjórnarríkin Sírland og Líbanon. Þá er greint frá stofnun Saudi-Arabíu og rakin í stuttu máli saga Írans fram að klerkabyltingunni 1979, en á ýmsu gekk í samskiptum Írana við Breta, Bandaríkjamenn og Rússa í viðleitni þeirra til að tryggja sjálfstæði sitt.

Heimildaverkefni

*1. Heimildatextana sem hér um ræðir má nýta á ýmsan hátt. Nemendur geta greint þá og krufið, ýmist einir sér eða í hópum og þeir geta einnig orðið grundvöllur að umræðu ásamt því sem um efnið segir í sjálfri námsbókinni.

III. KALDASTRÍÐSÁR

III.1 Kalt stríð, vígbúnaðarkapphlaup, ógnarjafnvægi

Markmið

Í *Nýjum tímum* er gefið nokkurt yfirlit yfir kalda stríðið og þróun þess frá upphafi til loka. Markmið þessa kafla er að veita fyllri mynd af kalda stríðinu með því að taka ákveðna þætti er það varða til nánari umfjöllunar og greiningar.

Í upphafi er tilurð fyrstu kjarnorkusprengjunnar reifuð stuttlega, en að því búnu gerð grein fyrir ólíkum túlkunum sagnfræðinga og annarra á ástæðum þess að Bandaríkjamenn ákváðu að beita kjarnavopnum gegn Japönnum. Sú greinargerð leiðir yfir í umfjöllun um þá þrjá „skóla“ eða skoðanahópa sem orðið hafa til á liðnum áratugum í umfjöllun sagnfræðinga um upptök og þróun kalda stríðsins: rétttrúnaðarsinna, endurskoðunarsinna og samhæfingarsinna, eins og þeir eru nefndir í bókinni. Í þessu viðfangi er leitast við að gefa sem skýrasta mynd af meginsjónarmiðum hvers skóla um sig og af því hvernig umræðan hefur þróast. Einnig er brugðið upp mynd af þeim hugmyndafræðilegu andstæðum sem uppi voru milli risaveldanna tveggja.

Í kaflanum er þvínæst dregin upp mynd af vígstöðunni milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna á upphafsárum kalda stríðsins og síðan rakið hvernig vígbúnaðarkapphlaupið milli þeirra þróaðist. Í því viðfangi er leitast við að útskýra ýmis hugtök og fyrirbæri hernaðarlegs eðlis. Má þar nefna hugmyndina um fælingarmátt kjarnorkuvopna og ógnarjafnvægi og einnig herfræðikenningar þær sem kenndar voru við aleflisandsvar og sveigjanlegt andsvar. Þá er vikið að hlutverki langdrægra sprengjuflugvéla, taktískur kjarnorkuvopna, langdrægra eldflauga og kjarnorkukafbáta.

Gerð er grein fyrir geimferðakapphlaupinu og bent á mikilvægi þess jafnt í vígbúnaðarkapphlaupinu sem í ímyndarstríði risaveldanna.

Eitt þeirra fyrirbæra sem setti svip á kaldastríðsárin voru svonefnd staðgenglastríð. Þá gat ýmist verið um það að ræða að annað risaveldið stæði í átökum, en hitt styddi andstæðinga þess eða risaveldin veittu hvort sínum andstæðingi í stríði lið en tækju ekki beinan þátt í átökunum sjálf. Frægustu átök af þessu tagi voru Kóreustríðið, Víetnamstríðið og stríðið í Afganistan. Um Kóreustríðið er fjallað í *Nýjum tímum* (bls. 267–68), en hér er rakinn gangur mála í Víetnamstríðinu og

stríðinu í Afganistan og reynt að meta áhrif þeirra á alþjóðavettvangi og fyrir stöðu risaveldanna.

Þegar á leið varð kalda stríðið í æ ríkari mæli hnattrænt að inntaki. Bandaríkin höfðu allt frá stríðslokum litið svo á að þeir ættu hnattrænna hagsmuna að gæta. Frá sjöunda, en einkum þó áttunda áratugnum skilgreindu Sovétmenn hagsmuni sína með svipuðum hætti. Varð sú þróun að sjálfsögðu til að fjölga ágreiningsmálum og átakatilefnum milli risaveldanna, ekki síst í Afríku, eins og rakið er í kaflanum með dæmum af Kongó, Angóla og af austurhorni Afríku.

Undir lok kaflans er svo vikið að skerptum andstæðum milli risaveldanna í kjölfar þess að Ronald Reagan var kjörin forseti Bandaríkjanna, en upp úr 1980 þótti mörgum sem upp væri runnin ný ísöld í samskiptum risaveldanna. Þá var þó skammt að bíða þeirra umskipta sem leiddu til loka kalda stríðsins, en um þau er nánar fjallað í kafla IV.1.

Umræðuefni

#1. Auk umfjöllunarinnar í námsbókinni skal hér bent á eftirfarandi heimildir sem nýst gætu með ýmsum hætti í slíkri umræðu.

Ítarefni:

Sigurður Ragnarsson, „Sagnfræðin og kalda stríðið“, í *Sögu slóðir*. Afmælisrit helgað Ólafi Hanssyni sjötugum. Reykjavík 1979, bls. 325–346.

Det kalla kriget. Problem i modern historia. Ritstj. Göran Rystad. Akademisk forlag 1979.

Ásgeir Ásgeirsson, *Nútímasaga*. Reykjavík 1985.

Sverrir Kristjánsson, „Tíu ára kalt stríð“, *Tímarit Máls og menningar*, 16. árg. (1955), bls. 91–103.

Jón Thor Haraldsson, „Eftirmæli kalda stríðsins“, *Tímarit Máls og menningar*, 24. árg. (1963), bls. 195–217.

Jakob Benediktsson, „Oftrúin á kjarnorkusprengjuna“, *Tímarit Máls og menningar*, 10. árg. (1949), bls. 47–53.

Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*. Reykjavík 1976, bls. 11 o.áfr.

David Horowitz, *Kalda stríðið*. Reykjavík 1972.

John W. Mason, *The Cold War 1945–1991* (Lancaster Pamphlets). Útg. 1996.

Martin McCauley, *The Origins of the Cold War 1941–1949* (Seminar Studies in History). Pearson Education Ltd. 2003.

Eric Hobsbawm, *Öld öfganna*. Saga heimsins 1914–91. Reykjavík 1999.

Norman Lowe, *Mastering Modern World History*. McMillan 1997.

Einnig skal bent á þann möguleika að afla upplýsinga á netinu.

#2. Á sínum tíma var framleiddur mikill fjöldi kvikmynda sem höfðu kalda stríðið að efniviði og sögusviði með einum eða öðrum hætti. Flestar þessara mynda eru upprunnar í Hollywood og gegndu á sínum tíma veigamiklu hlutverki í áróðursstríði Bandaríkjamanna gegn Sovétmönnum og síðar – um skeið að minnsta kosti – gegn Kínverjum. Þessar myndir voru að vissu leyti framhald stríðsmynda frá því á árum heimsstyrjaldarinnar síðari eða árunum fyrst eftir stríð þar sem Þjóðverjar og Japanir voru í óvinarhlutverkinu og þær eignuðust sinn arftaka í myndum þar sem öfl hins góða eiga í höggi við skuggalega glæpamenn með ókennilegt heimilisfang, illskeyttar geimverur eða – á síðustu og verstu tímum – hryðjuverkamenn með tiltekinn uppruna og útlitseinkenni.

Af sjónarhóli okkar er forvitnilegast að athuga hvernig hneigðin í lýsingunni á hinum kommúnísku andstæðingum breytist eftir því hvernig málin þróuðust á tíma kalda stríðsins og einnig hvaða nýju óvinaímyndir mæta til leiks.

III.2 Risaveldin á áhrifasvæðum sínum: Sovétríkin og Austur-Evrópa

Markmið

Markmið þessa kafla er að lýsa aðstæðum og þróun mála í Austur-Evrópu frá lokum síðari heimsstyrjaldar og þar til kalda stríðinu lauk, en á því tímabili voru ríki Austur-Evrópu á áhrifasvæði Sovétríkjanna.

Í upphafi er gefið yfirlit yfir stöðu og styrk kommúnistaflokka í einstökum löndum, en hún var mjög breytileg, allt frá því að vera mjög sterk í löndum á borð við Júgóslavíu, Albaníu og Tékkóslóvakíu yfir í það að vera veik í löndum eins og Póllandi og Rúmeníu. Það voru svo einmitt þessi tvö síðasttöldu lönd sem mikilvægust voru fyrir öryggishagmuni Sovétríkjanna.

Bent er á að til skilningsauka á þróuninni í ríkjum Austur-Evrópu megi skipta henni í þrjú tímabil: tímabil hinna raunverulegu samsteypustjórna, tímabil samsteypustjórna í orði en ekki á borði og síðan þriðja skeiðið sem hófst eftir fráfall Stalíns. Í því viðfangi er leitast við að draga fram það sem einkenndi stefnu og stjórnarframkvæmd á hverju tímabili fyrir sig.

Þótt „stóri bróðir“ réði jafnan ferðinni í samskiptum Sovétmanna og bandalagsríkja þeirra í Austur-Evrópu létu ráðamenn í einstökum ríkjum að vissu marki reyna á hvaða svigrúm þeir hefðu til sjálfstæðrar stefnumörkunar. Eru í kaflanum dregin fram dæmi um þetta, svo sem sú ákvörðun Gomulka að afnema samyrkjubúskap í Póllandi, frjálslegri efnahagsstefna Kadars í Ungverjalandi og utanríkisstefna Ceaucescu. Í framhaldi af því er reifuð sú spurning hvort Austur-Evrópuríkjunum hafi skinið eitthvað gott af hinu nána sambýli við Sovétríkin, en einnig bent á að sökum yfirburðavægis Sovétríkjanna hafi þróun mála þar – til góðs eða ills – haft mikil áhrif á hvernig mál þróuðust í öðrum ríkjum í Austur-Evrópu.

Í síðari hluta kaflans er greint frá ýmsum árekstrum sem urðu í samskiptum Sovétmanna við einstakar þjóðir á áhrifasvæði sínu. Í því viðfangi er fyrst fjallað um vinslit Stalíns og Títós, leiðtoga Júgóslavíu, en þau sættu tíðindum fyrir þá sök að þar varð fyrsti afdrifaríki kloffningurinn í heimshreyfingu kommúnista. Síðan eru uppreisninni í Ungverjalandi gerð skil og lýst hvernig rauði herinn kvað hana niður. Að endingu er fjallað um þá hreyfingu og atburði í Tékkóslóvakíu sem kenndir hafa verið við „vorið í Prag“. Bent er á að þar hafi verið á ferð róttækasta tilraunin sem nokkru sinni var gerð til að endurnýja kommúnismann í Austur-Evrópu. Sú tilraun var hins vegar brotin á bak aftur í ágúst 1968 með hervaldi fimm Varsjárbandalagsríkja. Dregið er fram að trúlega hafi enginn einn atburður orðið Sovétríkjunum til eins mikils álitshnekkis. Átti það ekki síst við um sósíalista og flesta kommúnista í Vestur-Evrópu. Í lokin er svo bent á það að þegar Mikhail Gorbatsjov markaði umbótastefnu í anda „vorsins í Prag“ í Sovétríkjunum tæpum tveimur áratugum síðar hafi það verið orðið um seinan.

III.3 Risaveldin á áhrifasvæðum sínum: Bandaríkin og Rómanska- Ameríka

Markmið

Í *Nýjum tímum* er fjallað um sjálfstæðisheimt Rómönsku Ameríku og dregið á búferlaflutninga Evrópumanna þangað á síðari hluta 19. aldar. Markmið þessa kafla er að gefa yfirlit um megindrætti í sögu Rómönsku Ameríku á 20. öld með sérstakri áherslu á samskiptin við „stóra bróður“ í norðri, Bandaríkin.

Í upphafi kaflans er stutt endurlit yfir aðstæður og þróun mála í Rómönsku Ameríku á 19. öld þar sem sérstakur gaumur er gefinn að efnahags- og þjóðfélagsþróuninni á árunum 1870–1914. Í framhaldi af því er fjallað um byltinguna í Mexíkó á árunum 1910–20, forsendur hennar, áherslur og hvernig hún síðar þróaðist. Einnig er gerð nokkur grein fyrir þróun mála í Brasilíu frá síðari hluta 19. aldar til loka heimsstyrjaldarinnar síðari.

Samskipti ríkja og þjóða í Rómönsku Ameríku við Bandaríkin og bandarísk stórfyrirtæki eru einn gildasti þátturinn í sögu þessa heimshluta. Hér er þess freistað að gefa yfirlit yfir hvernig þau samskipti þróuðust á 20. öldinni. Í því viðfangi er dregið fram að Mið-Ameríka og eyjar Karíbahafsins voru fyrsti vettvangur bandarískra efnahagssumsvifa, pólitískra afskipta og hernaðaríhlutunar í Rómönsku Ameríku, en á árum heimsstyrjaldarinnar fyrri skákuðu þeir gersamlega keppinautum sínum úr hópi evrópsku stórveldanna. Fram yfir 1930 skirrðust Bandaríkjamenn ekki við að beita hervaldi æ ofan í æ til varnar hagsmunum bandarískra fjárfesta og stórfyrirtækja, svo sem rakið er í kaflanum með dæmi Nikaraúa. Hafa stefnu Bandaríkjamanna að þessu leyti verið valin ýmis nöfn: dollaraímeríalismi, „spanskreyrsstefna“ eða „stjórnlist í krafti fallbyssubáta“.

Gerð er grein fyrir þeim nýju áherslum sem fólust í „stefnu hins góða granna“, sem Roosevelt markaði eftir valdatöku sína. Þótt Bandaríkjamenn héldu áfram að auka efnahagsumsvif sín í Rómönsku Ameríku dró eftir það mjög úr beinni hervaldsbeitingu. Það breytir ekki því að Bandaríkjamenn hafa allt til þessa dags haft megnan ímugust, ekki bara á byltingarhreyfingum, heldur einnig hvers konar róttækum umbótahreyfingum í þessum heimshluta og Bandaríkjastjórn oft verið styrkasta stoð einræðis og illbærilegs stjórnarfars í Rómönsku Ameríku. Eru ýmis dæmi þessa rakin í kaflanum.

Þá er gerð grein fyrir stöðu ríkja Rómönsku Ameríku í heimsstyrjöldinni síðari og rakið hvernig sú staðreynd að þau stóðu í reynd utan við átökin kom þeim mjög til

góða efnahagslega. Er í því viðfangi tekið dæmi af Argentínu og því lýst hvernig traustur efnahagur landsins í stríðslok varð grundvöllur peronismans.

Í síðari hluta kaflans er þess freistað að draga upp heildarmynd af efnahags-, þjóðfélags- og stjórnmalapróun í Rómönsku Ameríku á síðari hluta 20. aldar. Í því viðfangi er meðal annars rætt um áframhaldandi iðnvæðingu, fólksflótta af landsbyggðinni, óðavöxt stórborga, efnahagsþrengingar og skuldakreppu á áttunda, en einkum þó níunda áratugnum, og loks efnahagsbata frá lokum aldarinnar. Af stjórnmalavettvangi er dregið fram hvernig einræðisstjórnir herforingja tröllriðu álfunni um skeið, allt frá sjöunda og fram undir lok níunda áratugarins. Eru í því viðfangi tekin dæmi af Brasilíu, Argentínu og Pinochet í Chile.

Undir lok kaflans er fjallað um afskipti Bandaríkjamanna af málefnum Rómönsku Ameríku á síðari hluta 20. aldar. Er þar fyrst rætt um Samtök Ameríkuríkja (OAS) sem stofnuð voru 1948 og urðu í reynd eitt af valdataekjum bandarískrar utanríkisstefnu, einkum í kalda stríðinu. Þá eru rakin dæmi um íhlutun Bandaríkjamanna í málefni álfunnar á þessu tímabili og vikið í því viðfangi að Guatemala, Dóminíkanska lýðveldinu, Grenada, Nikaraqúa og El Salvador. Í tengslum við þessa umfjöllun er gerð grein fyrir svokallaðri frelsunarguðfræði sem talsvert hefur kveðið að innan rómversk-kaþólsku kirkjunnar í Rómönsku-Ameríku þótt slík viðhorf hafi ekki átt upp á pallborðið hjá páfanum í Róm.

Byltingin á Kúbu er tekin til sérstakrar umfjöllunar, en byltingarstjórn Castrós hefur verið Bandaríkjastjórn mikill þyrnir í augum. Fjallað er um forsendur byltingarinnar, stefnu og áherslur byltingarmannanna, viðbrögð Bandaríkjamanna og stuðning Sovétmanna við stjórn Castrós. Einnig er dregið fram hve miklum erfiðleikum hrun Sovétríkjanna olli Kúbverjum. Í lokin er bent á þá sterku vinstrisveiflu sem einkennt hefur stjórnmal í Rómönsku Ameríku nú í byrjun nýrrar aldar.

Umræðuefni

#1. Þetta viðfangsefni má nálgast á margvíslegan hátt. Taka má fyrir jarðveg og aðdraganda byltingarinnar ásamt valdatökunni sjálfri, stefnu og áherslur byltingarinnar og aðgerðir byltingarstjórnarinnar fyrstu árin til að hrinda þeim í framkvæmd viðbrögð Bandaríkjamanna og aðgerðir þeirra til að koma Castró á kné, samskipti og samspil þeirra Castrós og „Che“ Guevara, samstarf Kúbverja og

Sovétmanna og þau áhrif sem það hafði á stefnu Castros og loks má hugsa sér að reynt sé að meta feril og áhrif Castrós í heild sinni.

Auk umfjöllunarinnar í námsbókinni skal bent á eftirfarandi lesefni á íslensku:

Magnús Kjartansson, *Byltingin á Kúbu*. Reykjavík 1962.

Sigurður Hjartarson, *Rómanska Ameríka*. Reykjavík 1996, bls. 73–75.

Bjarni Benediktsson [frá Hofteigi], *Rómanska Ameríka*, Reykjavík 1966, bls. 271–280.

Nicolas Guillén, „Kúba“. *Tímarit Máls og menningar*. 20. árg. (1959), bls. 172–76.

Leo Huberman, „Hvers vegna sósíalismi?“. *Tímarit Máls og menningar*. 30. árg. (1969), bls. 194–202.

C. Wright Mills, „Rödd Kúbu“. *Tímarit Máls og menningar*. 22. árg. (1961), bls. 140–46.

Jean Paul Sartre, „Samtal um Kúbu“. *Tímarit Máls og menningar*. 22. árg. (1961), bls. 405–13.

Gabriel García Márquez, „Frásögn án fyrirsagnar“. *Tímarit Máls og menningar*. 39. árg. (1978), bls. 173–80.

Ingibjörg Haraldsdóttir, „Afmælikveðja til vinar: kúbanska byltingin 25 ára“. *Tímarit Máls og menningar*. 45. árg. (1984), bls. 287–295.

Sigfús Daðason, „Þjóðfrelsisbarátta og sósíalismi“. *Tímarit Máls og menningar*. 23. árg. (1962), bls. 99–118.

Fidel Castro, „Ræða á aldarafmæli Leníns“. *Tímarit Máls og menningar*. 31. árg. (1970), bls. 170–78.

Hilda Barrio, Gareth Jenkins. Viðtöl: Andrés Castillo Bernal, *Bókin um Che*. [Reykjavík 2005].

Einnig skal bent á þann möguleika að leita heimilda á Netinu. Þá má minna á að í ítarlegri þáttaröð um kalda stríðið sem sýnd var í Sjónvarpinu á sínum tíma var þáttur um Kúbudeiluna.

III.4 Smárikið Ísland í köldu stríði

Markmið

Í þessum kafla er þess freistað að gefa yfirlit yfir þróun íslenskra utanríkismála á tíma kalda stríðsins, og þræðirnir raunar raktir allt til þeirra umskipta sem urðu með endanlegri brottför Bandaríkjahers haustið 2006. Jafnframt er gefinn gaumur að stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna og samspili utanríkismála við utanríkisviðskipti, landhelgismál, verkalýðsmál, menningarmál og stjórn málin yfirleitt.

Í upphafi er vikið að þeim ásetningi Bandaríkjanna, sem mótaðist á stríðsárunum, að tryggja sér til frambúðar hernaðaraðstöðu á Íslandi. Í framhaldinu er fjallað um herstöðvabeiðni Bandaríkjanna til langs tíma haustið 1945 og viðbrögð við henni og síðan Keflavíkursamninginn 1946, en með samþykkt hans má segja að kalda stríðið hafi haldið innreið sína á Íslandi. Þá er Marshallaðstoðin og framkvæmd hennar gagnvart Íslendingum gerð að umtalsefni. Einnig er vikið að því hvernig verkalýðshreyfingin varð vettvangur átaka í anda kalda stríðsins. Gerð er grein fyrir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu árið 1949 og aðdraganda hennar og gerð varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna árið 1951. Vikið er að afstöðu íslenskra sósíalista til Sovétríkjanna og viðleitni annarra stjórn málaflokka til að einangra þá. Greint er frá upplýsingum sem fram komu árið 2006 um starfsemi strangleynilegrar öryggisþjónustu sem hér starfaði um langt skeið á tíma kalda stríðsins, svo og upplýsingum sem fram komu í kjölfarið um endurteknar símhleranir á þessu sama tímabili. Vakin er athygli á því að átakalínur kalda stríðsins á Íslandi hafi ekki verið einskorðaðar við utanríkismál, efnahagsmál og verkalýðsmál. Baráttan um hugi og hjörtu þjóðarinnar hafi ekki síður verið háð á menningarsviðinu. Í því viðfangi er fyrst fjallað um starfsemi bókmenntafélaganna Máls og menningar og Almenna bókafélagsins, en síðan vikið að samtökum sem stofnuð voru til að rækta vináttu og menningarsamband við risaveldin, Íslensk-ameríska félaginu og MÍR, Menningartengslum Íslands og Ráðstjórnarríkjanna. Í framhaldi af því er fjallað um þær deilur sem spruttu vegna útvarps- og sjónvarpsreksturs Bandaríkjahers hér á landi.

Drepið er á ýmsa stjórn mála viðburði meira almenns eðlis sem þó skipta máli fyrir þá sögu sem er meginviðfangsefni kaflans: „hallarbyltingu“ í Alþýðuflokknum 1952, stofnun Þjóðvarnarflokksins 1953, endurvakningu viðskipta Íslands við Sovétríkin 1953 og stofnun „bandalags umbótaflokkanna“ („hræðslubandalagsins“) og

Alþýðubandalagsins í aðdraganda alþingiskosninga árið 1956. Í framhaldinu er síðan fjallað um stefnumörkun vinstri stjórnarinnar fyrri um brottför hersins og afdrif þeirra áforma. Þá er vikið að afstöðu viðreisnarstjórnarinnar í utanríkismálum og raktar breytingar á hlutverki herstöðvarinnar í Keflavík.

Gerð er grein fyrir því breytta landslagi íslenskra stjórn mála sem við blasti árið 1971, með stofnun tvennra nýrra stjórn málasamtaka, Alþýðubandalagsins sem formlegs stjórn málaflokks og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, og róttækari áherslum Framsóknarflokksins í utanríkismálum, en allir þessir flokkar höfðu nú uppsögn varnarsamningsins og brottför hersins á stefnuskrá sinni. Þeir höfðu einnig náð saman fyrir kosningar um þá stefnu að færa fiskveiðilögsöguna út í 50 sjómílur. Þessi atriði voru efst á blaði í stjórnarsáttmála nýrrar vinstri stjórnar sem mynduð var að loknum kosningum. Gerð er grein fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar og viðbrögðum við henni og áformum vinstri stjórnarinnar um brottför hersins en þau vöktu andstöðu jafnt heima fyrir sem erlendis. Þá er því lýst hvernig landhelgismálið og hermálið sköruðust, einkum á árinu 1973. Eftir stjórnarskipti sumarið 1974 var uppsögn varnarsamningsins tekin af dagskrá og eftir það dró mjög úr vægi herstöðvamálsins í íslenskrum stjórn málaumræðu. Afstaðan til þessa máls klauf þó íslensku þjóðina í marga áratugi og lýsti sá kloffingur sér í stofnun ýmissa baráttusamtaka á þessu sviði utan þings, ýmist gegn hersetu eða með vestrænni samvinnu. Er hér gerð nokkur grein fyrir helstu samtökum af þessum toga. Að endingu er því lýst hvernig hernaðarmikilvægi Íslands snarminnkaði eftir lok kalda stríðsins og staða landsins breyttist að sama skapi. Sú þróun leiddi að lokum til þess að Bandaríkjamenn lögðu herstöð sína í Keflavík endanlega niður haustið 2006.

Heimildaverkefni

*1. *Hlutlægni og huglægni* í sagnfræðilegri umfjöllun eru fyrirbæri sem verðskulda að vera tekin til umræðu við nemendur. Hlutlægni er aðalsmerki hins óhlutdræga rannsakanda sem leggur fræðilegar niðurstöður sínar fram eftir rannsókn á tiltækum og aðgengilegum heimildum. Huglægni ber þó ekki að foragta með öllu ef sá sem í hlut á gerir skýra grein fyrir sjónarhorni sínu og nálgun og þeim sjónarhóli sem hann hefur kosið sér til að skoða málin.

Þeir sem tekið hafa þátt í stórviðburðum eða átt hlut að miklum átaka- og deilumálum hljóta óhjákvæmilega að leggja huglægt mat á slíka viðburði og deilumál. Stjórn málamenn hreppa iðulega slíkt hlutskipti. – Tilgangur þessa verkefnis

er að tefla saman annars vegar „huglægri“ umfjöllun stjórnámálanna og „hlutlægri“ umfjöllun fræðimanna og annarra höfunda um nokkur átakamál kalda stríðsins á Íslandi.

Endurminningar stjórnámálanna

Minningar Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Síðara bindi. Reykjavík 1967.

Emil Jónsson, *Á milli Washington og Moskva*. Hafnarfirði 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, *Eysteinn í baráttu og starfi*. Reykjavík 1984.

Einar Olgeirsson, *Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar*. Jón Guðnason skráði. Reykjavík 1980.

Brynjólfur Bjarnason, *Pólítísk ævisaga*. Viðtöl Einars Ólafssonar ásamt inngangi. Reykjavík 1989.

Fræðirit

Valur Ingimundarson, *Í eldlínu kalda stríðsins*. Samskipti Íslands og Bandaríkjanna 1945–1960. Reykjavík 1996.

Elfar Loftsson, *Ísland í NATO*. Partierna och försvarsfrågan. Göteborg 1981.

Þór Whitehead, „Lýðveldi og herstöðvar“, *Skírnir*. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags. 150. ár (1976), bls. 126–72.

Þór Whitehead, „Leiðin frá hlutleysi 1945–1949“, *Saga XXIX* (1991), bls. 63–121.

Önnur rit

Benedikt Gröndal, *Örlög Íslands*. Reykjavík 1991.

Gunnar Benediktsson, *Saga þín er saga vor*. Saga Íslands frá vordögum 1940 til jafnlengdar 1949. Reykjavík 1952.

Sigurður A. Magnússon, *Sigurbjörn biskup*. Ævi og starf. Reykjavík 1988 (kaflinn „Þjóðvörn“).

Matthías Jóhannessen, *Ólafur Thors*. Ævi og störf II. Reykjavík 1981.

Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. mars 1949*. Innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið og óeirðirnar á Austurvelli. Reykjavík 1976.

III.5 Bandaríkin frá lokum síðari heimsstyrjaldar

Markmið

Markmið þessa kafla er að gefa yfirlit yfir þróun innanlandsmála í Bandaríkjunum frá lokum síðari heimsstyrjaldar og fram á síðasta áratug liðinnar aldar. Í upphafi er á það bent að það tímabil í sögu heimsins sem hófst í stríðslok sé oft kallað ameríska öldin og rakið stuttlega hvaða rök liggja til slíkrar nafngiftar. Þá er tíundað hvernig það neyslupjódfélag sem mótaðist á hagsældarskeiði þriðja áratugarins í Bandaríkjunum spratt nú fram alskapað. Jafnframt er bent á að áhrif Bandaríkjamanna í menningarefnum og áhrif bandarískra lífshátta („the American way of life“) á menningu og þjóðlíf annarra þjóða fóru mjög vaxandi á þessum tíma.

Rakið er hvernig sigur repúblikana í forsetakosningunum árið 1952 markaði ákveðin pólitísk þáttaskil, en þá lauk tveggja áratuga samfelldri setu demókrata á forsetastóli. Bent er á að á sjötta áratugnum hafi íhaldssöm gildi verið í hávegum höfð, en á sama tíma hafi almenn velsæld blindað augu margra fyrir því að víða var þó pottur brotinn í þeim efnum. Staðfesting þess birtist í því mati bandarískra stjórnvalda sjálfra að laust fyrir 1960 hafi að milljónir Bandaríkjamanna búið við kjör sem voru undir opinberlega skilgreindum fátæktarmörkum. Blökkumenn og spænskumælandi innflytjendum fylltu þennan flokk öðrum fremur.

Fjallað er um hinar tvísýnu forsetakosningar árið 1960 þar sem Nixon og Kennedy tókust á, en með valdatöku Kennedys urðu skörp kynslóðaskipti í Hvíta húsinu. Drepið er á ýmislegt af vettvangi utanríkismála sem bar upp á stuttan valdaferil Kennedys, en jafnframt lýst því mati að hann hafi ekki markað djúp spor á sviði innanríkismála. Bent er á að eftirmaður hans, Lyndon B. Johnson, hafi í upphafi ferils síns haft á þróunum talsvert metnaðarfull áfrom um umbætur í félagslegum efnum („the great society“), en síðan rakið hvernig þau koðnuðu niður eftir að Bandaríkin lentu fyrir alvöru út í fúafen Víetnamstríðsins, sem að lokum varð pólitískur banabiti Johnsons. Gerð er grein fyrir andófshreyfingunni heima fyrir gegn stríðsrekstri Bandaríkjamanna í Víetnam, og athygli vakin á því að á sama tíma, undir lok sjöunda áratugarins, komu fram á sviðið ýmsar aðrar baráttuhreyfingar sem einu nafni má fella undir andófsmenningu. Auk hinnar almennu æskulýðsuppreisnar má þar nefna hina nýju kvannahreyfingu, réttindabaráttu indíána og samkynhneigðra og nýjar og róttækari baráttuhreyfingar blökkumanna, svo sem Svörtu hlébarðana og hreyfingu

svartra múslima. Þá markar sjöundi áratugurinn upphaf nýrrar vakningar í umhverfismálum.

Lýst er endurkomu Richards Nixons til áhrifa í bandarískum stjórnámálum eftir sigur hans í forsetakosningunum 1968 og fjallað um hvernig hann, auk Víetnamstríðsins sjálfs, þurfti að fást við ýmsar neikvæðar afleiðingar þess í bandarísku þjóðlífi svo sem verðbólgu og fjárlagahalla. Jafnframt er bent á að dýpri orsakir þess efnahagsvandans sem Bandaríkin áttu nú við að etja fólust ekki síst í harðnandi samkeppni á heimsmarkaði, ekki síst frá Japönnum og Þjóðverjum, gömlum andstæðingum sem Bandaríkjamenn höfðu eflt til dáða. Þá er bent á þær búsifjar sem stórhækkaður olíureikningur olli Bandaríkjamönnum. Lýst er afsögn Nixons úr embætti og aðdraganda hennar og drepíð á forsetatíð eftirmanna hans, þeirra Fords og Carters, en segja má að þá hafi Bandaríkin að nokkru verið í öldudal. Komu þar að nokkru til viðvarandi efnahagsþrengingar en einnig skert sjálfsmynd þjóðarinnar vegna skakkafalla undanfarandi ára.

Í lokahluta kaflans er fjallað um forsetatíð þeirra Ronalds Reagans og George Bush eldri. Bent er á þátt kristinna hægrimanna í sigri Reagans og vakin athygli á áhrifum þeirra í bandarískum stjórnámálum síðasta aldarfjórðung, en á þessu tímabili hafa þeir verið styrkasta stoð Repúblikanaflokksins. Gerð er grein fyrir efnahagsstefnu Reagans, en hún byggðist á harðri nýfrjálshyggju í anda hagfræðingsins Miltons Friedmans. Er í því viðfangi bent á líkinguna milli efnahagsstefnu Reagans og þeirrar stefnu sem Margaret Thatcher fylgdi á sama tíma í Bretlandi. Einnig er dreginn fram hæfileiki Reagans til að ná sambandi við fólk og ótvíræður þáttur hans í að efla sjálfsmynd Bandaríkjamanna og blása þeim í brjóst trú á eigin mikilleik. Að endingu er leitað skýringa á því af hverju George Bush eldri mistókst að ná endurkjöri. Í forsetakosningunum 1992 beið hann ósigur fyrir demókratanum Bill Clinton, en með kjöri hans urðu að nýju kynslóðaskipti í Hvíta húsinu.

III.6 Sovétríkin eftir 1945

Markmið

Markmið kaflans er að draga upp mynd af þróun innanlandsmála í Sovétríkjunum frá lokum síðari heimsstyrjaldar og fram yfir valdatöku Mikhails Gorbatsjovs. Sögu Sovétríkjanna eftir 1945 má til hægðarauka skipta í fjögur tímabil, sem hægt er að

kenna við leiðtogana fjóra, Stalín, Khrústsjov, Bresjnev og Gorbatsjov, og er hér fjallað um þrjú fyrstu tímabilin.

Í upphafi er brugðið upp mynd af nýrri stórveldisstöðu Sovétríkjanna í stríðslok, en einnig af aðstæðum sovétþjóðanna eftir þá hrikalegu eyðileggingu sem stríðið olli og síðar gerð grein fyrir viðreisnarstarfinu næstu árin. Í því viðfangi er einnig bent á að ýmsar tilslakanir sem stjórnvöld höfðu gert í efnahagslífinu og hugmyndafræðilegum eignum gengu til baka á þessum síðustu valdaárum Stalíns. Dregið er fram að eftir fráfall Stalíns var komið á svokallaðri samvirkri forystu, en sú skipan fól í sér að ákveðið leiðtogateymi deildi með sér æðstu völdum í flokki og ríki. Reynslan leiddi þó í ljós að fljótlega náði aðalritari Kommúnistaflokksins, Nikita Khrústsjov, undirtökunum í forystusveitinni. Í umfjöllun um stefnu Khrústsjovs í innanlandsmálum er mest áhersla lögð á tvennt: annars vegar uppgjör hans við Stalín á 20. þingi Kommúnistaflokksins árið 1956 og eftirmál þess og hins vegar stefnu hans á sviði landbúnaðarmála. Þá er vikið að þeirri þíðu í menningarmálum sem gætti í valdatíð hans og rakin dæmi henni til staðfestingar. Einnig er bent á að á þessum árum var lögð aukin áhersla á framleiðslu neysluvarnings og stórátak gert í húsnæðismálum.

Gerð er grein fyrir valdaskiptunum þegar Khrústsjov var leystur frá embætti og Leonid Bresjnev og félagar tóku við og dregið fram í því viðfangi hvaða þættir höfðu orðið til að grafa undan sterkri valdastöðu Khrústsjovs. Aftur varð til samvirk forysta, en sagan endurtók sig að því leyti að aftur varð aðalritarinn, Bresjnev, sterki maðurinn í forystusveitinni.

Í upphafi fólu valdaskiptin í sér ákveðinn stöðugleika eftir tilraunastarfsemi og upptakur Khrústsjovtímans, en í kaflanum er líka dregið fram hvernig þessi stöðugleiki umhverfist í stöðnun á flestum sviðum þjóðlífsins; mjög dregur úr hagvexti, öldungaveldi setur í æ ríkari mæli svip sinn á forystu flokks og ríkis. Reynt er að bregða upp mynd af þeirri þjóðfélagsgerð sem til varð í Sovétríkjunum á sjötta og sjöunda áratugi síðustu aldar. Er þar annars vegar lýst aðstöðu ákveðins forréttindahóps sem byggði stöðu sína á því að hafa ráðstöfunarrétt yfir afrakstrinum af auðlindum og framleiðslukerfi þjóðarinnar. Hins vegar er lýst aðstæðum almennings, en kjör hans fóru verulega batnandi um skeið. Þau stóðu þó að baki því sem gerðist í Vestur-Evrópu. Sovétríkin voru ekki stéttþjóðfélag í marxískum skilningi, en sú þjóðfélagsgerð sem lýst er í kaflanum átti lítið skylt við jafnaðarhugsjón kommúnismans.

Undir lok Bresjnevstímans var ljóst að sovéskt samfélag var í kreppu. Brugðið er upp dæmum um birtingarform þessarar kreppu: lífskjarabati stöðvaðist, vöruframboð var stopulla, ekki síst á matvælum þótt dýrmætum gjaldeyri væri eytt í innflutning á kornvöru, meðalaldur karla fór lækkandi, en það hefur verið tengt mikill áfengisneyslu þeirra sem var alvarlegt félagslegt vandamál. Þá sýndi það sig að hinn altæki og miðstýrði áætlunarbúskapur, sem á fyrri árum hafði dugað vel til að leysa ýmis afmörkuð stórverkefni á skömmum tíma megnaði ekki að fullnægja þeim þörfum sem skapast höfðu í fjölþættu og margbrotnu þjóðfélagi. Þá er því lýst hvernig hópur andófsmanna reis gegn einokun Kommúnistaflokksins á stjórnmalastarfsemi og skorti á almennum mannréttindum og opinni þjóðfélagsumræðu, en einnig bent á ólíkar áherslur í þeirra röðum. Andófsmenn gagnrýndu einnig andvaraleysi sovéskra stjórnvalda í umhverfismálum. Því mátti ljóst vera að Mikhail Gorbatsjov stóð frammi fyrir ærnum vanda þegar hann tók við embætti aðalritara Kommúnistaflokksins árið 1985, en frá ferli hans greinir í kafla IV.1.

III.7. Austurlönd nær frá miðri 20. öld til nútímans

Markmið

Í þessum kafla er þess freistað að ná utan um þróun mála í Austurlöndum nær á síðari hluta 20. aldar. Í upphafi kaflans er brugðið upp mynd af hinu nýja Ísraelsríki og þróun þess fyrsta aldarfjórðunginn. Er í því viðfangi fjallað um mikinn innflytjendastraum til Ísraels fyrstu árin, samyrkjubú gyðinga (kibbutz) og það hlutverk sem þau gegndu um langt skeið, forystuhlutverk Verkamannaflokksins í ísraelskum stjórnámálum þennan fyrsta aldarfjórðung og síðan tilkomu Likudbandalagsins á áttunda áratugnum. Einnig er vikið að hlutskipti þeirra fjölmörgu Palestínaraba sem hröktust úr landi sem flóttamenn.

Í framhaldi af þessu er vikið að þróun mála í arabaheiminum þar sem mörg ný sjálfstæð ríki urðu til, en jafnframt bent á hve ólíkt var á komið með þeim með tilliti til stærðar, stjórnarfars og efnahags þótt sameiginleg tunga, trúarbrögð og menning séu vissulega samtengjandi afl þrátt fyrir skiptingu múslima í súnníta og shíta. Gerð er grein fyrir Súezdeilunni svokölluðu, rakinn aðdragandi hennar, atburðarás og áhrif,

jafnt á alþjóðavettvangi sem í Austurlöndum nær, en deilan varð til þess að ýta undir tilkall Nassers Egyptalandsforseta um forystuhlutverk í arabaheiminum.

Í kaflanum er þess einnig freistað að rekja samskipti Ísraelsríkis og Palestínuaraba. Í því viðfangi er greint frá stofnun Frelsissamtaka Palestínu, en hún var til marks um að Palestínumenn vildu freista þess að taka örlög sín í eigin hendur. Í framhaldinu er fjallað um sex daga stríðið 1967 og Jom Kippúrstríðið 1973, rakinn aðdragandi þessara átaka, gangur þeirra og niðurstaða. Í framhaldinu er vikið að landnemabyggðum Ísraela á palestínsku landi og Camp David-samkomulaginu. Ennfremur er gert að umtalsefni hvernig Ísraelar unnu að því að veikja stöðu PLO með því að hlutast til um gang borgarastyrjaldar í Líbanon og greint frá *inlifada*, fyrstu uppreisn Palestínuaraba á hernumdu svæðunum.

Reynt er að bregða upp mynd af þróun mála í Íran og Írak. Í því viðfangi er fjallað um klerkabyltinguna í Íran, aðdraganda hennar og áherslur byltingarstjórnarinnar eftir valdatökuna. Einnig er fjallað um valdatöku Baathflokksins í Írak og valdaferil Saddams Hússeins. Í því sambandi er meðal annars bent á þá athyglisverðu staðreynd að í stríðinu við Írana naut hann stuðnings Sovétmanna jafnt sem Bandaríkjamanna þótt kalda stríðið stæði enn yfir – og geri aðrir betur! Þá er hið mannskæða stríð Írana og Íraka á árunum 1980–88 gert að umtalsefni.

Mörg helstu olíuútflutningsríki heims eru í Austurlöndum nær og sú staðreynd á mestan þátt í vaxandi mikilvægi þessa heimshluta á alþjóðavettvangi. Sýnilegt tákn um þessa stöðu var stofnun og starfsemi OPEC, samtaka olíuútflutningsríkja.

Undir lok kaflans er fjallað um Flóastríðið 1991, aðdraganda þess, gang og afleiðingar og ennfremur er þar gerð grein fyrir Oslóarsamkomulaginu svokallaða milli Ísraelsstjórnar og PLO frá 1993 og því friðarferli sem það átti að vera upphaf að og ástæðum þess að það varð að engu. Þá er lítillaga drepíð á Íraksstríðið. Í lokin er síðan greint frá þeirri nýju stöðu sem upp kom í málum Palestínumanna eftir að Hamassamtökin báru sigurorð af Al Fatah, samtökum Jassirs Arafats, í kosningum til palestínska þingsins. Ríkisstjórn Ísraels og alþjóðasamfélagið neituðu að viðurkenna stjórn Hamas og nú hefur komið til algers klofnings meðal Palestínumanna.

Umræðuefni

#1. Marga fleti má finna á spurningunni um Íraksstríðið, aðdraganda þess og eftirmál! – Má þar nefna málatilbúnað Bandaríkjustjórnar og nánustu samherja hennar í aðdraganda stríðsins, umfjöllunina um málið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og

Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og ýmsa fleti á þróun mála á þeim tíma sem liðinn er frá því að George Bush lýsti yfir sigri í stríðinu hinn 1. maí 2003. – Einn þáttur þessa máls er hlutur íslenskra stjórnvalda og sú ákvörðun að setja nafn Íslands á lista svokallaðra vígfúsra ríkja.

#2. Sama gildir um þetta umræðuefni og hið fyrra að finna má á því marga fleti. – Hvers konar samtök eru Hamassamtökin, hver er stefna þeirra og hvernig hafa þau starfað? Hvers konar fyrirbæri er aðskilnaðarmúrinn og hvaða áhrif hefur hann á daglegt líf og afkomumöguleika Palestínumanna? Hvert er umfang ísraelskra landnemabyggða á palestínsku landi, hvernig hafa þau mál þróast að undanfögnu og hver eru áform ísraelskra ráðamanna í þessu efni? Hvernig er stjórnmálastaðan í Ísrael um þessar mundir? Er eitthvað sem máli skiptir að gerast á vettvangi alþjóðasamfélagsins hvað deilur þessar varðar? Hver er afstaða íslenskra stjórnvalda og stjórnmálaflokka og hvað segja samtökin Ísland-Palestína um stöðu mála?

IV. HEIMURINN VIÐ ALDAHVÖRF

IV.1 Kalda stríðinu lýkur. Stiklur úr framvindu heimsmála að því loknu

Markmið

Í upphafi kaflans er fjallað um síðustu ár kalda stríðsins. Í því viðfangi er greint frá helstu afvopnunarsamningum risaveldanna frá þessu skeiði, en einnig er brugðið upp mynd af stöðu beggja risaveldanna á árunum 1985–90 og þeim breytingum sem hún hafði tekið. Í framhaldinu er vikið að nokkrum öðrum hluttakendum á vettvangi heimsstjórnmálanna, Þýskalandi, Evrópusambandinu og Japan og lagt mat á stöðu þeirra. Þá er fjallað um hrun kommúnismans í ríkjum Austur-Evrópu og reynt að varpa ljósi á það ferli með dæmum Póllands og Rúmeníu. Umbótastefna Gorbatsjovs í Sovétríkjunum er gerð að umtalsefni og dregið fram að hún skilaði ekki þeim árangri á efnahagssviðinu sem að var stefnt. Nokkuð ítarlega er rætt um endalok Sovétríkjanna og er í því viðfangi leitast við að draga fram ýmsar skýringar á því að þau liðu undir lok. Er í því sambandi bent á bæði langtíma- og skammtímaorsakir. Í framhaldinu er síðan gefið yfirlit yfir meginrætti í sögu Rússlands frá hruni Sovétríkjanna og fram á árið 2007, fyrst valdaskeið Jeltsíns, en síðan valdatíð Pútíns.

Með lokum kalda stríðsins og brotthvarfi Sovétríkjanna af sviðinu leið undir lok það tvískauta valdakerfi sem einkennt hafði heimsmálin allt frá stríðslokum, en síðan

hefur eitt risaveldi, Bandaríkin, borið ægishjálms yfir önnur ríki. Í síðari hluta kaflans er þess freistað að rekja gang nokkurra helstu áttakamála á alþjóðavettvangi frá lokum kalda stríðsins. Má þar nefna átökin í gömlu Júgóslavíu, fyrst Bosníustríðið og lyktir þess, en síðan Kosovodeiluna og stöðu mála þar. Í því viðfangi er einnig vikið að breyttu hlutverki Atlantshafsbandalagsins eftir að kalda stríðinu lauk.

Með kosningu demókratans Bills Clintons var endi bundinn á langt valdaskeið repúblikana í Hvíta húsinu. Greint er frá afskiptum hans af átökunum í Bosníu og Kosovo, en einnig framvindu innanlandsmála í valdatíð hans: hvernig honum tókst að jafna fjárlagahallann, hvernig honum mistókst með endurbætur í heilbrigðiskerfinu, hvernig meinsæri hans varðandi kvennamál sín varð til þess að reynt var að fá hann dæmdan til embættismissis. Hinar umdeildu forsetakosningar í Bandaríkjunum árið 2000 eru gerðar að umtalsefni og í framhaldinu er síðan fjallað um George Bush yngri og valdaferil hans. Í því viðfangi er greint frá grundvallarviðhorfum forsetans, stuðningsmönnum hans úr röðum kristinna hægri manna og svokallaðra nýihaldsmanna („neocons“). Þá er hér fjallað um hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin hinn 11. september og eftirmál þeirra í víðasta skilningi: „stríðið gegn hryðjuverkum“, innrásina í Afganistan og stöðu mála þar og Íraksstríðið. Í því viðfangi er vikið nokkuð að þeirri vaxandi gagnrýni sem Bandaríkjamenn hafa sætt vegna framgöngu sinnar í þessum málum og nefnd dæmi í þá veru. Sú gagnrýni felur ekki síst í sér að Bandaríkjamenn hafi oftrú á að leysa megi mál með beitingu hervalds, þeir hafi tilhneigingu til að sniðganga alþjóðastofnanir og misræmi sé milli orða og gerða hjá þeim þegar lýðræði og mannréttindi á alþjóðavettvangi eiga í hlut.

Að endingu er vikið að þróun útgjalda til vígbúnaðar eftir lok kalda stríðsins, hvernig þau lækkuðu á síðasta áratugi liðinnar aldar, en hafa síðan tekið stökk upp á við að nýju eftir að „stríðið gegn hryðjuverkum“ hófst. Skv. ársskýrslu Friðarrannsóknarstofnunarinnar í Stokkhólmi komu 48% af útgjöldum ríkja heims til vígbúnaðar árið 2005 í hlut Bandaríkjamanna, en það ár voru slík útgjöld hærrí en nokkru sinni fyrr.

Heimildaverkefni

Bæði þau verkefni sem tilgreind eru í verkefnabók nemenda eru til þess fallin að þjálfar nemendur í að afla upplýsinga, ekki síst á Netinu, vinna úr þeim og koma þeim á framfæri. Hvað síðasttalda þáttinn varðar má hugsa sér að það geti gerst með fyrirlestrum í bekk/námshópi, gerð skriflegra skýrslna sem sé dreift í bekk/námshópi

og efni þeirra síðan rætt. Þá má hugsa sér að gerð séu veggblöð eða veggspjöld sem nemendur endurskoði og endurnýi reglulega eða jafnvel gerðar vefsíður sem ákveðnir hópar haldi utan um og uppfæri reglulega.

IV.2 Stórveldi Asíu storma fram

Markmið

Markmið þessa kafla er að gefa yfirlit yfir þróun mála í Kína frá valdatöku kommúnista árið 1949 og framvinduna í Indlandi frá því að landið fékk sjálfstæði árið 1947.

Í upphafi er bent á að eitt af því sem hæst ber nú í byrjun 21. aldar sé sókn þessara tveggja fjölmennustu ríkja heims á efnahagssviði og þá um leið til vaxandi pólitískra áhrifa. Þá er vikið að því að eðlilegt sé að skipta þessu tímabili í sögu Kína í tvennt, annars vegar valdaskeið Maós Tsetungs fram til 1976 og síðan tímabilið eftir fráfall hans. Í upphafi er kínverska byltingin skilgreind og brugðið upp mynd af aðstæðum í Kína við valdatöku kommúnista. Í framhaldinu er fjallað um stefnu og aðgerðir nýrra stjórnvalda fyrsta áratuginn og í því viðfangi rætt um uppskiptingu jarðnæðis, menntabyltingu, stórátak í heilbrigðismálum og hlutverk þjóðlegra kapítalista. Einnig er þar greint frá samstarfi Kínverja og Sovétmanna og framkvæmd fyrstu fimm ára áætlunar Kínverja sem efnt var til að sovéskri fyrirmynd.

Undir lok sjötta áratugarins dró til mikilla tíðinda í kínversku þjóðlífi. Þau lýstu sér meðal annars í því að Maó tók að gagnrýna ýmislegt í framkvæmd kommúnismans í Sovétríkjunum, en mestum tíðindum sætti þó „stökkið mikla fram á við“. Hér er lýst aðdragandanum að stökkinu mikla og inntaki þess, en það miðaði að því að gera Kína að öflugum iðnríki á skömmum tíma. Það fól einnig í sér mikil umskipti á landsbyggðinni þar sem stofnaðar voru svokallaðar alþýðukommúnur sem ætlað var víðtækt hlutverk í framleiðslu og velferðarþjónustu. Síðan er því lýst hvernig stökkið mikla mistókst og Kínverjar rötuðu í framhaldinu í verulegar ógöngur. Einnig er gerð grein fyrir því hvernig deilur Kínverja og Sovétmanna mögnuðust einmitt um sömu mundir.

Eftir að tilraunin með stökkið mikla var blásin af ríkti um skeið eins konar millibilsástand í Kína, en aftur dró til tíðinda með menningarbyltingunni árið 1966. Að baki henni bjó sú sannfæring Maós að byltingu væri ekki hægt að gera í eitt skipti

fyrir öll og hætta væri á að kínverska byltingin yrði leidd afvega – inn á braut kapítalismans. Lýst er upphafi menningarbyltingarinnar, áherslum hennar, birtingarmyndum og afleiðingum.

Eftir fráfall Maós árið 1976 tók að nýju við ákveðið millibilsástand. Brátt varð þó ljóst hvert stefndi eftir að Deng Hsiaoping steig fram á sviðið sem mesti áhrifamaður í flokki og ríki. Dregin er upp mynd af stefnu Dengs sem löngum hafði verið talsmaður hagnýtra sjónarmiða fremur en áherslu á hugmyndafræði. Hann kenndi stefnu sína við sósíalisma að kínverskum hætti. Í þessu viðfangi er fjallað um stofnun sérstakra efnahagssvæða, áherslu á að laða að erlent fjármagn og vaxandi markaðsbúskap og greint frá ótrúlegum hagvexti síðasta aldarfjórðunginn. Stefnir nú í að Kína verði efnahagslegt risaveldi. Einnig er bent á skuggahliðar kínverska efnahagsundursins, svo sem vaxandi ójöfnuð í lífskjörum, aukinn aðstöðumun þéttbýlis og dreifbýlis og gífurlegan umhverfisvanda. Að endingu er bent á aukna sókn Kínverja til áhrifa á alþjóðavettvangi og þá staðreynd að umbreytingar á efnahagssviðinu hafa ekki haft í för með sér breytingar á stjórnmálavettvangi þar sem Kommúnistaflokkurinn fer enn með öll völd.

Í umfjölluninni um Indland er í upphafi bent á þá staðreynd að landið hefur allt frá sjálfstæðisheimt sinni verið fjölmennasta lýðræðisríki heims. Þegar horft er til þeirra miklu andstæðna auðs og örbirgðar, ólíkra þjóða, tungumála og trúarbragða er það eftirtektarvert afrek. Dregið er fram að tíminn eftir sjálfstæðisheimtina var mjög róttusamur og þær róttur kostuðu Mahatma Gandhi lífið. Síðan er fjallað um forystuhlutverk Þjóðþingsflokksins í indverskum stjórnmálum og ættarveldið innan hans: Nehru, Indiru Gandhi og Rajiv Gandhi og svíplegt fráfall tveggja þeirra síðastnefndu.

Í umfjöllun um efnahagsþróun á Indlandi er bent á að í tíð Nekrus hafi verið unnið að iðnvæðingu landsins og áætlanabúskap þá verið nokkuð beitt. Það var svo í tíð Indiru að græna byltingin hélt innreið sína. Í krafti hennar tókst Indverjum að stórauka matvælaframleiðslu sína og þannig tókst ört vaxandi þjóð að brauðfæða sig. Þá er því lýst hvernig Indland rataði á níunda áratugi síðustu aldar í talsverðar efnahagsþrengingar eins og flest önnur þróunarlönd, en síðan rakið hvernig breytt hagstjórn á síðasta áratugi aldarinnar leysti úr læðingi mikinn hagvöxt. Í því viðfangi er bent á þann styrk Indverja að þeir hafa á að skipta mennta-, vísinda- og rannsóknastofnunum í fremstu röð. Þá skiptir líka máli í þessu sambandi að í landinu er fjölmenn millistétt með drjúgan kaupmátt þótt hundruð milljóna búi enn við fátækt.

Í þeim hópi eru dalítar, þ.e. stéttleysisingar, fjölmennastir. Bent er á að stjórnvaldsaðgerðir í þeirra þágu hafa átt litlum skilningi að mæta hjá ýmsum betur settur hópum.

Gefið er yfirlit yfir utanríkisstefnu Indlands og stöðu ríkisins á alþjóðavettvangi. Indland er aðili að Breska samveldinu og Indverjar fylgdu frá upphafi hlutleysisstefnu í utanríkismálum. Hafa leiðtogar landsins jafnan verið í hópi helstu forystumanna í Samtökum óháðra ríkja. Þá er gerð grein fyrir síendurteknum átökum Indverja og Pakistana sem rekja má til andstæðnanna milli hindúa og múslima frá því í tíð nýlendustjórnar Breta á Indlandi. Í því viðfangi er bent á þá hættu sem af því stafar að bæði þessi ríki eru nú kjarnorkuveldi. Þá er minnt á að stundum hefur verið grunnt á því góða með Indverjum og Kínverjum.

Í lokin er að því vikið að undangenginn hálfan annan áratug hefur ríkt minni stjórnfesta en áður var í indverskum stjórnámálum. Kemur þar einkum til að flokkar og flokkabandalög þjóðernissinnaðra hindúa hafa veitt Þjóðþingsflokknum harða samkeppni um forystuhlutverkið.

Heimildaverkefni

*1. Mikil umræða hefur á síðari árum verið um Maó Tsetung, stefnu hans og verk, og þau spor sem hann markaði í sögu Kína og alls heimsins. Þetta verkefni er lítið innlegg í það mál, en það veitir innsýn í viðhorf ritstjóra og blaðamanna héraendis við andlát Maos.

Ítarefni

Sverrir Kristjánsson og Edgar Snow, *Bókin um Kína*. Reykjavík 1950.

Ragnar Baldursson, *Kína*. Frá keisaraveldi til kommúnisma. Reykjavík 1985.

Jung Chang og Jon Halliday, *Maó. Sagan sem aldrei var sögð*. Reykjavík 2007.

Geir Sigurðsson, „Af villtri sagnfræði villta svansins“, *Saga*. Tímarit Sögufélags XLV:1 2007, bls. 181–94.

Sverrir Jakobsson, „Leynilega heimsveldisáætlunin og Maó. B-myndaskúrkur“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 20. október 2007.

Ólafur Teitur Guðnason, „Maó – sagan sem sumir vilja ekki að þú lesir“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 24. nóvember 2007.

Sverrir Jakobsson, „Langt seilst í svörum“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 1. desember 2007.

C.P. Fitzgerald, *Mao Tse-tung and China*. Penguin Books 1977.

Ragnar Baldursson, „Mótun Nýja Kína: fæðingarhríðir í eina öld“, *Tímarit Máls og menningar* 47. árg., 1.h. (1986), bls. 107–116.

Einnig skal bent á Netið.

Morgunblaðið 1913–1997 er aðgengilegt á rafrænu formi á netfanginu timarit.is.

Önnur blöð yrði að nálgast á söfnum. (Þó skal bent á að unnið er að því jafnt og þétt að koma efni annarra blaða á rafrænt form.)

Mao Tse-tung lést 9. september 1976.

IV.3 Heimur á heljarþröm

Markmið

Markmið þessa kafla er að taka til nokkurrar umfjöllunar stöðu mannkyns gagnvart umhverfi sínu nú við þúsaldamót. Í upphafi er rætt stuttlega um þróun mannfjölgunar í heiminum, en síðan vikið að dreifingu mannfjöldans og ólíkum aðstæðum í einstökum heimshlutum. Bent er á þá gífurlegu búferlaflutninga úr sveit í borg sem einkennt hafa síðustu áratugi, ekki síst í þróunarlöndunum, en þeir hafa leitt til þess að nú er svo komið í fyrsta sinn í sögu mannkyns að meirihluti þess býr í borgum. Þar ægir víða saman ógnarlegum andstæðum auðs og örbirgðar.

Gerð er grein fyrir þróun matvælaframleiðslu í heiminum. Í því viðfangi er bent á að fyrstu áratuginu eftir stríð jókst hún harðar en sem nam fólksfjölguninni, en sú þróun staðnaði á níunda áratugnum og er bent á ýmsar ástæður þess. Einnig er vikið að þróun sjávaraflans. Hann náði hámarki um 1990, en hafði áratuginu á undan farið mjög vaxandi. Þá er fjallað um vatnsbúskap heimsins og dregin fram dæmi um hve mikið er í húfi fyrir ýmsa aðila í þeim efnunum.

Gefið er yfirlit yfir ýmsa þætti í athöfnum manna sem ógna umhverfi þeirra og þar með framtíð mannkyns. Má þar nefna gróðurhúsaáhrif vegna brennslu jarðefnaeldsneytis, óhóflegt skógarhögg og mengun sjávar og rakin dæmi um áhrif þessa alls á umhverfið.

Í síðari hluta kaflans er vikið að því hvernig umhverfisvitund fólks hefur verið að styrkjast, en það hefur birst annars vegar í öfluggu starfi umhverfisverndarsamtaka, en

einnig í tilkomu stjórn málaflokka sem sett hafa umhverfismál sérstaklega á oddinn. Fjallað er um starf Sameinuðu þjóðanna að umhverfismálum og í því viðfangi drepið á Umhverfisstofnun samtakanna, Brundtlandnefndina og áherslu hennar á sjálfbæra þróun og loks Ríoráðstefnuna 1992 og stefnumörkun hennar. Þá er gerð grein fyrir Kyotobókuninni og þróun mála í kjölfar hennar.

Undir lok kaflans er vikið að því hve þunginn í umhverfismálaumræðunni hefur aukist á alþjóðavettvangi hin síðari ár. Hefur þrýstingur farið vaxandi á bandarísk stjórnvöld um að þau taki þátt í skuldbindandi samstarfi á þessu sviði og stóraukin heildarlosun fjölmennra þróunarríkja sem nú ganga gegnum stórfellda iðnvæðingu kallar einnig á að þau komi að samningaborði um þessi mál. Er þá ekki síst horft til Kína og Indlands. Í kaflanum er bent á tvennt sem öðru fremur hefur orðið til að auka þunga umræðunnar, annars vegar Sternskýrsluna frá haustinu 2006 og hins vegar nýjustu skýrslu Vísindanefndar SP um loftslagsbreytingar frá árinu 2007. Eru niðurstöður þeirra raktar stuttlega og drepið á einstakar tillögur til aðgerða og úrbóta.

Í lokin er sett fram það sjónarmið að ef til vill sé ofneysla nokkurs hluta jarðarbúa mesta ógnin við framtíð mannkynsins í heild. Í framhaldinu eru síðan rakin nokkur dæmi um hrikalega misskiptingu auðs í heiminum sem lesa má í skýrslu Sameinuðu þjóðanna um eignaskiptingu í heiminum frá árinu 2006.

Umræðuefni

#1. Það verður trúlega seint nóg samlega áréttað hve mikilvægt það er að þjálfar nemendur í að lesa úr og tileinka sér tölfræðiupplýsingar eða upplýsingar sem settar eru fram á myndrænan hátt. Framsetningin í bókinni og þetta verkefni eru lítið innlegg í það mál.

Heimildaverkefni

*1. Verkefni af því tagi sem hér er bent á ættu, ef vel tekst til, að geta orðið til þess að vekja nemendur til nánari umhugsunar um umhverfi sitt og samfélag og hvert skuli stefna með framtíðarþróun þess.

*2. Nú þegar Ísland hefur náð efsta sæti á Human Development Index Sameinuðu þjóðanna ætti að vera forvitnilegt að glöggva sig á því hvaða atriði það eru sem tryggt hafa Íslendingum þann sess. Athugun á því ætti að geta stuðlað að umræðu um ýmislegt í þjóðfélagsgerð, þjóðarbúskap og velferðarkerfi okkar, hvaða áherslur skuli leggja og hvað beri að varast. Eins vaknar spurningin um það hvort vandi fylgi ekki

þessari vegsemd, þ.e. spurningin um ábyrgð okkar gagnvart þeim jarðarbúum sem verst eru settir.